

1. Inngangur

Fá mál hafa sennilega fengið viðlíka umræðu á Íslandi á undanförunum árum og svokölluð Evrópumál sem einkum hafa snúist um þá spurningu hvort Íslendingar ættu að ganga í Evrópusambandið eða standa áfram utan þess. Sjálfstæðisflokkurinn hefur um áratugaskeið gegnt lykilhlutverki í íslenskum stjórnámálum og þá ekki síst við mótun utanríkisstefnu Íslands frá því að landið tók utanríkismál sín alfarið í eigin hendur með lýðveldisstofnuninni árið 1944. Í þeim efnnum hafa Evrópumál ekki verið nein undantekning. Markmiðið með ritgerðinni er að varpa ljósi á málflutning forystumanna Sjálfstæðisflokksins um Ísland og samrunapróun Evrópu frá því árið 1989, þegar viðræður hófust um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, og fram til ársins 2009 þegar sótt var um inngöngu Íslands í Evrópusambandið í fyrsta sinn og leggja mat á þær breytingar sem hafa orðið á þeim málflutningi. Ætlunin er fyrst og fremst að reyna að svara því hverjar þessar breytingar hafa helst verið, hvað kunni einkum að hafa stuðlað að þeim og að lokum hvort, og þá að hvað miklu leyti, umræddur málflutningur hafi verið bundinn við ákveðna einstaklinga í forystu Sjálfstæðisflokksins eða flokkinn sem slíkan.

Sé málflutningur helstu forystumanna Sjálfstæðisflokksins skoðaður á því tímabili sem er til umræðu má færa rök fyrir því að aukin andstaða þeirra við inngöngu í Evrópusambandið hafi haldist í hendur við þróun sambandsins í átt til aukins samruna og miðstýringar eða hugmynda innan þess í þá veru. Þá t.a.m. í efnahagsmálum með tilkomu sameiginlegs gjaldmiðils og einnar miðstýrðrar peningamálastefnu eða á stjórnálasviðinu með hugmyndum um að Evrópusambandið breyttist í eitt ríki. Fyrst í stað voru fyrirvarar forystumanna flokksins við inngöngu í sambandið fyrst og fremst, og jafnvel eingöngu, tengdir sjávarútvegshagsmunum Íslendinga í þröngum skilningi en síðan fengu aðrir þættir tengdir fullveldis- og efnahagsmálum aukið vægi eins og hugsanleg áhrif Íslands innan Evrópusambandsins og endalok sjálfstæðrar peningamálastjórnunar. Sjávarútvegsmálin voru þó aldrei langt undan, en það verður að teljast eðlilegt í ljósi mikilla hagsmuna Íslendinga í þeim efnnum.

Fjallað hefur verið talsvert um það efni sem ritgerðin kemur inn á af fræðimönnum. Guðmundur Hálfðanarson, prófessor í sagnfræði, hefur rætt um Evrópusamrunann í tengslum við íslenska þjóðerniskennd og sjálfstæðisbaráttuna og

haldið fram þeirri skoðun að ástæðan fyrir andstöðunni við inngöngu í Evrópusambandið, ekki einungis hjá forystumönnum Sjálfstæðisflokksins, hafi fyrst og fremst byggst á arfleifð sjálfstæðisbaráttunnar og þeim hugmyndum sem mótuðust um fullveldið á tímum hennar.¹ Eiríkur Bergmann Einarsson, stjórn málafræðingur, hefur að sama skapi fjallað um málin út frá hliðstæðu sjónarhorni.² Þá hefur Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórn málafræði, fjallað um áhrif hugmyndafræði á stefnu Sjálfstæðisflokksins í Evrópumálum og sömuleiðis stefnu íslenskra stjórnvalda sem slíkra gagnvart málaflokknum og komist að þeirri niðurstöðu að ástæðan fyrir andstöðu flokksins við inngöngu í Evrópusambandið hafi einkum falist í grundvallar-hugmyndafræði hans um frelsi og sjálfstæði sem aftur eigi uppruna sinn í sjálfstæðisbaráttunni.³ Af þeim þremur fræðimönnum sem hér eru nefndir til sögunnar álit ég Baldur Þórhallsson komast næst kjarna málsins á meðan áhersla Guðmundar Hálfðanarsonar og Eiríks Bergmanns Einarssonar er of mikil á áhrif sjálfstæðisbaráttunnar og íslenskrar þjóðernishyggju. Mitt mat er að það sem hafi ekki síður skipt máli hafi verið þróun Evrópusambandsins og líkleg áframhaldandi þróun þess. Hún hafi ekki hugnast forystumönnum Sjálfstæðisflokksins og að þar hafi ekki síður ráðið aðrar stjórn málafræðingar þeirra, eins og hugmyndir um takmörkuð ríkisafskipti, minni miðstýringu og viðskiptafrelsi, en þær að standa þyrfti vörð um fullveldi og sjálfstæði Íslands.

Í efnisvali er einkum lögð áhersla á málflutning þeirra einstaklinga í forystu Sjálfstæðisflokksins sem gegndu embættum formanns og varaformanns flokksins á tímabilinu og tóku virkan þátt í umræðum um Evrópumál og enn fremur þá einstaklinga í forystusveit hans sem sérstaklega létu sig þessi mál varða. Ræður sem Davíð Oddsson, formaður Sjálfstæðisflokksins frá 1991-2005, flutti í forsætisráðherratið sinni eru nokkuð áberandi en færa má rök fyrir því að þær varpi einna bestu ljósi á afstöðu hans til Evrópusamrunans á mismunandi tímum og um leið flokksins sjálfs. Annað efni sem haft var til hliðsjónar eru ræður annarra stjórn málamanna, s.s. Halldórs Ásgrímssonar,

¹ Sjá t.d.: Guðmundur Hálfðanarson: *Íslenska þjóðríkið. Uppruni og endimörk*. Reykjavík 2001. Einnig: Guðmundur Hálfðanarson: „Icelandic nationalism and European integration“. Baldur Þórhallsson (ritstj.) *Iceland and European Integration: On the edge*. London/New York 2004.

² Sjá t.d.: Eiríkur Bergmann Einarsson: „*Hið huglæga sjálfstæði þjóðarinnar*“. *Áhrif þjóðernishugmynda á Evrópustefnu íslenskra stjórnvalda*. Reykjavík 2009.

³ Sjá t.d.: Baldur Þórhallsson: „Stefnumótun, átök og afleiðingar. Evrópustefna íslenskra stjórnvalda“. *Uppbrot hugmyndaferfis: Endurmótun íslenskrar utanríkisstefnu 1991-2007*. Valur Ingimundarson ritstj. Reykjavík 2008. Einnig: Baldur Þórhallsson: „The influence of ideology on the European policy of the Independence party“. *Rannsóknir í félagsvísindum IX*. Reykjavík 2008.

utanríkisráðherra og síðar forsætisráðherra, og Björns Bjarnasonar, dómsmálaráðherra, og skrif dagblaða. Þá voru tekin viðtöl við einstaklinga sem tengdust viðfangsefninu.

Ritgerðin rekur sögu viðfangsefnisins nokkurn veginn í tímaröð en í undirköflum er sérstaklega fjallað um ákveðna málaflokka sem einkum voru áberandi í umræðunni á þeim tíma sem rætt er um. Fyrsti kaflinn fjallar um áherslur forystumanna Sjálfstæðisflokksins fram að því að flokkurinn myndaði ríkisstjórn með Alþýðuflokki 1991. Annar kaflinn fjallar um samstarfið við Alþýðuflokkinn og sá þriðji tekur við þegar það ríkisstjórnarsamstarf leið undir lok og sjálfstæðismenn sneru sér að Framsóknarflokki. Næstu tveir kaflar fjalla um endurnýjað samstarf við framsóknarmenn og þau mál tengd Evrópumálunum sem báru þá hæst og síðasti kaflinn er um formannsskipti í Sjálfstæðisflokki 2005, ríkisstjórnarsamstarfið við Samfylkinguna og eftirleik þess.

2. Evrópubandalagið og EES

Þátttaka Íslands í samrunaþróun í Evrópu og hversu langt Íslendingar ættu að teygja sig í þeim efnum hefur verið tilefni umræðna hér á landi allt frá því að grunnurinn var lagður að Evrópubandalaginu, forvera Evrópusambandsins, með Rómarsáttmálanum árið 1957. Íslendingar gerðust aðilar að Evrópuráðinu árið 1950 og Fríverslunarbandalagi Evrópu (EFTA) tveimur áratugum síðar. Hvorugt þessara samtaka eru eða voru á vegum Evrópubandalagsins en aðildin að þeim síðarnefndu þótti mjög umdeilt skref og leiddi til mikilla pólitískra deilna. Fyrsta raunverulega skrefið í þá átt að tengjast Evrópusamrunanum nánnum böndum var ekki tekið fyrir en í byrjun árs 1994 þegar Ísland varð formlega aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Höfðu viðræður um mögulega aðild Íslands að því hafist á árinu 1989 og ekki síður orðið tilefni alvarlegra deilna á Íslandi, bæði á vettvangi stjórnmalanna og eins í þjóðfélaginu, en aðildin að EFTA.⁴

Þáverandi ríkisstjórn var mynduð af Framsóknarflokknum, Alþýðuflokknum og Alþýðubandalaginu undir forsæti Steingríms Hermannssonar, formanns Framsóknarflokksins, en mikil óeining var innan stjórnarinnar um málið og ekki einhugur um að það á hverju samskiptin við Evrópubandalagið ættu að byggja. Engu að síður var tekin ákvörðun um að taka þátt í viðræðum um Evrópska efnahagssvæðið en þegar á leið jókst ágreiningur á milli stjórnarflokkanna um málið.⁵ Sjálfstæðisflokkurinn undir forystu Þorsteins Pálssonar, formanns flokksins, hafði í stjórnarandstöðu tekið vel í viðræður um þátttöku í Evrópska efnahagssvæðinu en samhliða því lagt áherslu á tvíhliða samninga við bandalagið um sjávarútvegsmál. Að sögn Þorsteins var áherslan á það síðarnefnda hugsað í tvennum tilgangi. Annars vegar vegna mikilvægis sjávarútvegar fyrir hagsmunum Íslendinga og áhyggjur af því að sá málaflokkur yrði ekki í aðalhlutverki í viðræðunum og hins vegar í þeim tilgangi að ýta undir ósætti innan ríkisstjórnarinnar vegna EES-málsins.⁶

⁴ Um forsögu EES-málsins má t.a.m. lesa í bók Einars Benediktssonar, fyrrum sendiherra, *Ísland og Evrópuþróunin 1950-2000*. Einnig í kafla Baldurs Þórhallssonar og Hjalta Þórs Vignissonar: „The first steps: Iceland's policy on European integration from the foundation of the republic to 1972“ í ritinu *Iceland and European integration: On the edge* sem ritstýrt var af Baldri.

⁵ Ólafur Þ. Stephensen: *Áfangi á Evrópuþför*. bls. 9 og 174-179. Einnig: Baldur Þórhallsson: „Stefnumótun, átök og afleiðingar. bls. 75 og 77-78.

⁶ Baldur Þórhallsson: „Stefnumótun, átök og afleiðingar. bls. 80-81. Einnig: Ólafur Þ. Stephensen: *Áfangi á Evrópuþför*. bls. 154 og 158.

Aldamótanefndin

Einhver gagnlegasta heimild um áherslur innan Sjálfstæðisflokksins gagnvart Evrópubandalaginu og tengslanna við það í lok 8. áratugarins er greinargerð svokallaðrar aldamótanefndar flokksins. Nefndin var skipuð sumarið 1988 af miðstjórn Sjálfstæðisflokksins þegar flokkurinn var enn í ríkisstjórn. Davíð Oddsson, varaformaður flokksins og borgarstjóri Reykjavíkur, stýrði nefndinni sem starfaði í rúmt ár en kom þó aðeins einu sinni saman til fundar.⁷ Aðrir sem sátu í nefndinni voru Einar Oddur Kristjánsson, Guðmundur Magnússon, Sigríður Anna Þórðardóttir, Valur Valsson og Þorgeir Pálsson. Greinargerðin, sem tók á fjölmörgum öðrum málum en einungis Evrópumálum⁸, var lögð fram á landsfundi Sjálfstæðisflokksins haustið 1989 en ekki var tekin til hennar afstaða.⁹ Landsfundurinn hafði fjallað aðeins stuttlega og mjög almennt um samskiptin við Evrópubandalagið. Í ályktun hans um utanríkismál var látið nægja að ræða nauðsyn þess að undirbúa íslenskt efnahags- og atvinnulíf fyrir þær breytingar sem yrðu þegar innri markaður bandalagsins kæmist í gagnið sem og að tryggja aðgang íslensks útflutnings að evrópskum mörkuðum. Þá var talað um mikilvægi þess að draga úr hömlum í gjaldeyrisviðskiptum og fjármagnsflutningum.¹⁰ Ekkert mun hins vegar hafa komið fram um það hvernig ætti að ná þessum markmiðum og forystu Sjálfstæðisflokksins þannig í raun gefið talsvert opið umboð í þeim efnunum.

Skömmu fyrir landsfundinn mun Davíð hafa skrifað greinargerð aldamótanefndarinnar upp á sitt eindæmi. Ekki reyndist mögulegt að ræða efni hennar á fundi með nefndinni en engu að síður var hún lögð fram á landsfundinum í hennar nafni. Greinargerðin leiddi þó ekki til neinnar stefnubreytingar af hálfu flokksins enda mun hún fyrst og fremst hafa verið hugsuð sem hugmyndavinna.¹¹ Sjálfur lýsti Davíð starfi aldamótanefndarinnar á þann veg í viðtali við *Morgunblaðið* 25. maí 2004 að reynt hafi verið með því „að horfa fram á veg og sjá fyrir hver stefnumál [sic] myndu rísa hæst, þegar að þeim tímamótum kæmi.“¹² Á blaðamannafundi 21. júlí 1994 lagði

⁷ Tölvupóstur frá Guðmundi Magnússyni 28. desember 2009.

⁸ „Skynsamlegt að óska eftir viðræðum um inngöngu í EB“. *DV* 6. október 1989. bls. 7.

⁹ „Ósk um inngöngu hugsanlega skynsamlegur kostur“. *Morgunblaðið* 6. október 1989. bls. 16.

¹⁰ Ólafur Þ. Stephensen: *Áfangi á Evrópuferi*. bls. 156.

¹¹ Tölvupóstur frá Guðmundi Magnússyni 28. desember 2009.

¹² „Stefnufastur en ekki kreddufastur flokkur“. *Morgunblaðið* 25. maí 2004. bls. 28-29.

hann ennfremur áherslu á að greinargerðin hefði verið rituð fyrir daga evrópska efnahagssvæðisins.¹³

Í greinargerð aldamótanefndarinnar kom m.a. fram að í þeim viðræðum sem stæðu yfir við Evrópubandalagið kynni að nást niðurstaða sem Íslendingar gætu sætt sig við til frambúðar og þar átt við viðræðurnar um Evrópska efnahagssvæðið.¹⁴

Hugsanlega verður þó skynsamlegast að óska beinlínis eftir viðræðum um inngöngu Íslands í Evrópubandalagið, þótt menn séu um leið reiðubúnir að láta inngönguna ráðast af því, hvort þau skilyrði, sem henni kunna að fylgja, þyki aðgengileg eða ekki. Verði sú niðurstaðan, að þau séu óaðgengileg talin, hafa menn heldur engar brýr brotið að baki sér.¹⁵

Ennfremur sagði í greinargerðinni að smæð lands og þjóðar væri þrátt fyrir allt líkleg til þess að verða styrkur Íslands í slíkum viðræðum, án þess að það virðist hafa verið rökstutt frekar, og að Íslendingar væru „að véla við bandalagsþjóðir okkar í Atlantshafsbandalaginu og margar hefðbundnar vinapjóðir, þar sem við njótum trausts.“¹⁶ Þá sagði í greinargerðinni að óheppilegt væri ef Íslendingar væru að búa til sín eigin skilyrði fyrir inngöngu í Evrópubandalagið og mála skrattann á vegginn, eins og það var orðað, og þar með gera sammingsstöðu þjóðarinnar verri. Íslendingar hlytu í öllum samningum sínum við bandalagið að hafa það hugfast að þeir næðu því fram sem þeir vildu ef sæmilega væri haldið á málum og sanngirni viðhöfð.¹⁷

Sá varnagli var þó sleginn í greinargerð aldamótanefndarinnar að ekki væri ljóst hvernig Evrópubandalagið ætti eftir að þróast, t.a.m. hvort það ætti eftir að taka á sig mynd „ómanneskjulegs skrifinnskubákns“¹⁸ eins og það var orðað og sumir spáðu og hvort aðildarríkin væru jafnvel „að falla þar inn í áður óþekkt ofríki opinberrar forsjár.“¹⁹ Þessi fyrirvari verður að teljast eðlilegur í ljósi þess að Evrópubandalagið hafði fram að því verið í stöðugri þróun og ekki var útlit fyrir annað en að sú þróun ætti eftir að halda áfram hvernig sem hún annars yrði. Fram kom í beinu framhaldi að nota mætti næstu ár til þess að meta hvort óska ætti eftir inngöngu í bandalagið, halla sér í átt

¹³ „Hugsanlegt að óska eftir viðræðum um aðild“. *Morgunblaðið* 23. júlí 1994. bls. 6.

¹⁴ „Ósk um inngöngu hugsanlega skynsamlegur kostur“. *Morgunblaðið* 6. október 1989. bls. 16.

¹⁵ „Ósk um inngöngu hugsanlega skynsamlegur kostur“. *Morgunblaðið* 6. október 1989. bls. 16.

¹⁶ „Ósk um inngöngu hugsanlega skynsamlegur kostur“. *Morgunblaðið* 6. október 1989. bls. 16.

¹⁷ „Ósk um inngöngu hugsanlega skynsamlegur kostur“. *Morgunblaðið* 6. október 1989. bls. 16.

¹⁸ „Hugsanlegt að óska eftir viðræðum um aðild“. *Morgunblaðið* 23. júlí 1994. bls. 6.

¹⁹ „Hugsanlegt að óska eftir viðræðum um aðild“. *Morgunblaðið* 23. júlí 1994. bls. 6.

að Norður-Ameríku í krafti fríverslunarsamnings eða reyna að ná hagstæðum samningum við báða aðila. Þá var ennfremur lögð áhersla á mikilvægi þess að draga úr miðstýringu hér á landi og auka frelsi.²⁰ Athygli vekur að þessi skrif eru í miklu samræmi við ræðu sem þáverandi forsætisráðherra Bretlands, Margaret Thatcher, flutti í belgísku borginni Brügge 20. september 1988, eða um ári áður en greinargerð aldamótanefndarinnar var birt, þar sem hún lýsti sig hlynnta samvinnu Evrópuríkja um þau mál þar sem slíkt samstarf leiddi til betri árangurs en mótmælti um leið tilhneigingu til aukinnar miðstýringar og skrifræðis innan Evrópubandalagsins og hugmyndum um þróun þess í átt til eins ríkis.²¹ „Við höfum ekki með góðum árangri dregið úr umsvifum ríkisvaldsins í Bretlandi til þess að sjá þau aukin á ný á vettvangi Evrópubandalagsins í krafti evrópsks stórríkis með aukin völd frá Brussel.“²² Þá lagði Thatcher áherslu á mikilvægi þess að tryggja varðveislu ólíkra hefða innan ríkjanna sem og fullveldis þjóðþinga þeirra.²³

Nokkuð svartýnni tóns en í greinargerð aldamótanefndarinnar gætti hins vegar í máli Þorsteins Pálssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, í ræðu sem hann flutti á flokksráðsfundi sjálfstæðismanna sem fram fór 2. nóvember 1990. Þar sagði hann að innan fimm ára yrðu Íslendingar að hafa ákveðið hvernig ætlunin væri að haga tengslunum við Evrópubandalagið og náð samningum um það fyrirkomulag. Að öðrum kosti væri hætta á að Ísland einangraðist og drægist aftur úr öðrum þjóðum. Ljóst væri að hugmyndin um tveggja stöða evrópskt efnahagssvæði Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Evrópubandalagsins væri hrúnin og gæti eftirleiðis í besta falli orðið stökkpallur fyrir stærri aðildarríki EFTA til fullrar inngöngu í bandalagið. Þær umræður sem færu fram í Noregi og Svíþjóð bentu ótvírætt til þess að ríkin tvö yrðu innan Evrópubandalagsins innan fárra ára. Íslendingar yrðu að gera sér grein fyrir þessum breyttu aðstæðum og að aðstæður þjóðarinnar væru orðnar mun þrengri fyrir vikið en áður hefði verið talið.²⁴

²⁰ „Hugsanlegt að óska eftir viðræðum um aðild“. *Morgunblaðið* 23. júlí 1994. bls. 6.

²¹ Vef. „Bruges Revisited“. <<http://www.brugesgroup.com/mediacentre/index.live?article=92>>.

²² Vef. „Bruges Revisited“. <<http://www.brugesgroup.com/mediacentre/index.live?article=92>>. „We have not successfully rolled back the frontiers of the state in Britain, only to see them reimposed at a European level, with a European super-state exercising a new dominance from Brussels.“

²³ Vef. „Bruges Revisited“. <<http://www.brugesgroup.com/mediacentre/index.live?article=92>>. Um gagnrýni Margaret Thatcher á þróun Evrópusambandsins má einnig lesa í bók hennar *Statecraft. Strategies for a changing world* frá 2001, t.d. á bls. 327.

²⁴ „Verðum að ná samningum um tengsl við EB innan fimm ára“. *Morgunblaðið* 3. nóvember 1990. bls. 2.

Þorsteinn sagði ennfremur að helsta markmið Íslendinga væri að tryggja að útflutningur til ríkja Evrópubandalagsins yrði hindrunarlaus og að full yfirráð þjóðarinnar yfir fiskveiðilögsögunni yrðu varðveitt. Engir samningar yrðu gerðir sem skertu þau yfirráð. Ennfremur var hann þeirra skoðunar að mikilvægt væri að hafin yrði athugun á því hvort það hentaði hagsmunum Íslendinga að tengjast myntsamstarfi Evrópubandalagsins á næstu árum. Í umræðum um tengsl Íslands við bandalagið ætti ekki að útiloka neinn möguleika fyrirfram. Það þrengdi samningsmöguleikana ef byrjað væri á því að nota útlökunaraðferðina. Fyrir lægi hvaða markmiðum menn vildu ná og hvaða hagsmuni vilji væri til þess að verja og síðan yrði að láta endanlega niðurstöðu samninga ráða því hvers konar tengsl hentuðu best.²⁵ Má þarna sjá ákveðinn samhljóm með greinargerð aldamótanefndarinnar. Þorsteinn virðist af þessum orðum ekki hafa verið of bjartsýnn á samninga EFTA við Evrópubandalagið um Evrópska efnahagssvæðið auk þess sem ekki verður betur séð en að hann hafi þarna verið nokkuð opinn fyrir þeim möguleika að Ísland gengi alla leið inn í bandalagið. Að öðrum kosti ættu Íslendingar á hættu að einangrast að hans sögn. Málflutningur hans er þannig almennt séð talsvert á öðrum nótum en greinargerð aldamótanefndar Sjálfstæðisflokksins þó þar hafi einnig verið opnað á þann möguleika að af inngöngu Íslands í Evrópubandalagið gæti orðið. Hins vegar má gera ráð fyrir því að Þorsteinn hafi m.a. verið að skírskota til greinargerðar nefndarinnar þegar hann talaði um að aðstæður Íslendinga væru orðnar þrengri í þessum efnunum en áður hefði verið.

Greinilegt er að greinargerð aldamótanefndarinnar hefur verið varlega orðuð með vilja þar sem öllum möguleikum hefur verið haldið opnum og ekki lokað á neitt. Erfitt hefur vafalaust þótt að slá einhverju föstu um það hvort innganga í Evrópubandalagið hentaði Íslendingum á þeim tímapunkti um leið og viðræður um EES-samninginn voru á byrjunarstigi. Fram til þessa hafði bandalagið fyrst og fremst snúist um efnahagsmál og fyrir vikið fremur notið stuðnings hægrimanna, t.a.m. í Bretlandi, frekar en þeirra sem hölluðust til vinstri. Sama hefur væntanlega verið raunin hér á landi líka. Hins vegar var ljóst að miklar breytingar voru þá að eiga sér stað eða fyrirhugaðar innan Evrópubandalagsins og margt á huldu um það hvernig þróun þess yrði næsta áratuginn fram að aldamótum.

²⁵ „Verðum að ná samningum um tengsl við EB innan fimm ára“. *Morgunblaðið* 3. nóvember 1990. bls. 2.

Formannsskipti 1991

Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins 10. mars 1991 var Davíð Oddsson kjörinn formaður flokksins með miklum meirihluta atkvæða. Þorsteinn Pálsson beið lægri hlut og kom niðurstaðan honum mjög á óvart að eigin sögn enda hefði hann talið sig hafa unnið mjög gott starf við að byggja Sjálfstæðisflokkinn upp. Hafði hann á orði að vinnubrögðin við framboð Davíðs hefðu verið með þeim hætti að það benti til þess að ósk landsfundarins væri að flokkurinn fengi harðara yfirbragð en verið hefði.²⁶ Ólíklegt er að afstaðan til Evrópubandalagsins hafi skipt miklu máli í formannskjörinu þó ekki sé hægt að útiloka að hún hafi átt einhvern þátt. Veruleg andstaða var við inngöngu í bandalagið í röðum sjálfstæðismanna og Davíð því hugsanlega verið talinn minna fylgjandi þeim ráðahag en Þorsteinn. Í ályktunum landsfundarins var m.a. tekið fram að Íslendingar ættu ekki frekar en aðrar Evrópuþjóðir að útiloka inngöngu í Evrópubandalagið fyrirfram. Þá var opnað á viðræður um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu að því tilskyldu að tryggð yrðu hindrunarlaus viðskipti með sjávarafurðir og að Íslendingar héldu sjálfstæði sínu og fullum yfirráðum yfir auðlindum landsins. Tækjust samningar um Evrópska efnahagssvæðið ekki, ætti að freista þess að ná þessum markmiðum með öðrum hætti.²⁷

Áherslur nýs formanns gagnvart Evrópubandalaginu í aðdraganda þingkosninganna þá um vorið urðu fljótlega ljósar. Þannig var Davíð inntur svara við því á fjölmönnum opnum stjórn málafundi á Ísafirði 4. apríl hvort hann teldi að Íslendingar gætu vænst þess að njóta einhverra sérkjara í viðræðum við bandalagið. Sagði hann ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir því að tekið yrði tillit til sérstöðu Íslendinga, enda væri Ísland Evrópuríki og önnur ríki í álfunni vildu að Íslendingar væru í samfélagi við þau með beinum eða óbeinum hætti. Íslendingar yrðu að ganga til viðræðna við Evrópubandalagið fullir af sjálfstrausti. Það þýddi þó ekki að gengið yrði til aðildar að evrópsku efnahagssvæði eða bandalaginu sjálfu sama hvað það kostaði. Ef kostirnir yrðu óhagkvæmir yrði þeim einfaldlega hafnað. Einkum skipti þar máli einn meginþáttur efnahagslífs landsins og hagsmunir honum tengdir og átti hann þar augljóslega við sjávarútveginn. Ef þeir hagsmunir yrðu ekki tryggðir væri tómmt mál að tala um aðild hvort sem væri að evrópsku efnahagssvæði eða Evrópubandalaginu. Þá lýsti Davíð því yfir að ef viðræður við bandalagið kæmust á það stig að innganga í það

²⁶ „Ekki í vafa um að flokkurinn verði sterkari en áður“. *Morgunblaðið* 12. mars, 1991. bls. 30.

²⁷ Ólafur Þ. Stephensen: *Áfangi á Evrópuför*. bls. 159-160.

blasti við ætti að bera slíka ákvörðun undir þjóðina.²⁸ Ljóst er af þessu að nálgun hans var mjög í anda þess sem fram kom í greinargerð aldamótanefndarinnar ólíkt málflutningi Þorsteins, sem þarf ekki að koma á óvart. Hann hefur sennilega ekki talið að staða Íslendinga hefði þrengst frá því greinargerðin var kynnt eða að hætta væri á einangrun Íslendinga líkt og Þorsteinn.

Á fundi á Hótel Selfossi helgina 13.-14. apríl sagði Davíð Ljóst að innganga í Evrópubandalagið yrði ekki á dagskrá í kosningunum þá um vorið og lýsti ennfremur þeirri skoðun sinni að sú yrði ekki raunin á næstu árum og jafnvel ekki fyrr en um næstu aldamót. Ummæli Davíðs voru svar við fyrirspurn þar sem því var haldið fram að ungir kjósendur tortryggðu Sjálfstæðisflokkinn þar sem þeir álitu sem svo að flokkurinn hygðist beita sér fyrir inngöngu Íslands í bandalagið. Sjálfstæðisflokkurinn hefði ekki gefið greinargóð svör um það hvaða kostir og hvaða gallar fylgdu því að ganga í Evrópubandalagið. Davíð gagnrýndi Steingrím Hermannsson, formann Framsóknarflokksins, fyrir það að leggja áherslu á andstöðu við inngöngu í bandalagið þegar fyrir lægi að slík innganga væri alls ekki á dagskrá. Sagði hann sjálfstæðismenn ekki ætla að æsa fólk upp með þeim hætti eins og framsóknarmenn.²⁹

Það er því ljóst að Davíð Oddsson hefur strax og hann tók við sem formaður Sjálfstæðisflokksins haft talsverðar efasemdir um hugsanlega inngöngu Íslands í Evrópubandalagið og haft alla fyrirvara á þeim ráðahag. Hann hefur viljað halda öllum leiðum opnum og ekki útiloka neitt sem væntanlega hefur einkum stafað af óvissu um framtíðarþróun bandalagsins annars vegar og hins vegar því að hann hefur talið sig þurfa tíma til þess að ná tókum á flokknum.

3. Ríkisstjórn með Alþýðuflokknum

Eftir þingkosningarnar vorið 1991 myndaði Sjálfstæðisflokkurinn ríkisstjórn með Alþýðuflokknum, svonefnda Viðeyjarstjórn, en formaður hans var Jón Baldvin Hannibalsson. Jón Baldvin hafði verið utanríkisráðherra í fyrri stjórn Steingríms Hermannssonar og varð áfram í því embætti en Davíð Oddsson tók við lyklavöldum í forsætisráðuneytinu. Í stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar sagði að markmiðum sínum ætlaði hún sér m.a. að ná með því „að semja um þáttöku Íslendinga í evrópska

²⁸ „Ákvörðun um inngöngu í EB á að bera undir þjóðina“. *Morgunblaðið* 5. apríl, 1991. bls. 52.

²⁹ „Innganga í EB er ekki á dagskrá og verður ekki næstu ár“. *Morgunblaðið* 16. apríl, 1991. bls. 68.

efnahagssvæðinu (EES), til þess að tryggja hindrunarlausan aðgang sjávarafurða að Evrópumörkuðum. Ekki kemur til greina að gefa eftir forræði yfir íslenskri fiskveiðilögsögu í skiptum fyrir aðgang að mörkuðum.³⁰ Samhljómur í EES-málinu virðist hafa ráðið úrslitum um myndun nýrrar ríkisstjórnar en í aðdraganda hennar höfðu forystumenn Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins hist á leynilegum fundum þar sem þeir fyrirnefndu komu því á framfæri að þeir væru reiðubúnir að tryggja framgang málsins í ríkisstjórn.³¹

Viðræður héldu áfram við Evrópubandalagið um Evrópska efnahagssvæðið eftir að ný ríkisstjórn tók við völdum og náðist loks samkomulag í lok október 1991 en í því fólst m.a. að Íslendingar fengu tollfrelsi fyrir 95% af útflutningi íslenskra sjávarafurða til ríkja bandalagsins auk þess sem fyrirvari var gerður um möguleika útlendinga á að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi. Þá létu Íslendingar bandalaginu eftir 3 þúsund tonna karfakvóta í íslenskri lögsögu en fengu á móti úthlutað 30 þúsund tonna loðnukvóta.³² Viðræður héldu þó áfram um einstök atriði tengd samningnum en að lokum tók hann formlega gildi 1. janúar 1994. Þrátt fyrir afgerandi stuðning forystu Sjálfstæðisflokksins við það markmið að klára samningaviðræðurnar um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu var málið engu að síður talsvert umdeilt innan flokksins. Til marks um það greiddu þrír þingmenn hans atkvæði gegn samningnum í endanlegri atkvæðagreiðslu um EES-samninginn á Alþingi. Snerust efasemdir þeirra m.a. um áhyggjur af fullveldi Íslands yrði samningurinn samþykktur, innflutningi á erlendum landbúnaðarvörum, framtíðarþróun Evrópusamrunans auk þess að telja samninginn stangast á við stjórnarskrána.³³

Í setningarræðu sinni á landsfundi Sjálfstæðisflokksins 21. október 1993 ræddi Davíð stuttlega um tilurð Viðeyjarstjórnarinnar og EES-samninginn. Sagði hann að samstarf sjálfstæðismanna og Alþýðuflokksins hafi þótt álitlegasti kosturinn og í raun eini kosturinn enda hafi fyrri ríkisstjórn verið nær óstarfhæf. Verkefnið sem fyrir hefðu legið hefðu verið með þeim hætti að að annað stjórnarmynstur hefði ekki gengið. Davíð sagði nægja í því sambandi að nefna deilurnar um EES-samninginn sem hefðu orðið

³⁰ Vef. „Stefnuyfirlýsing Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Radherra/stefnuyfirlýsing91.pdf>>.

³¹ Baldur Þórhallsson: „Stefnumótun, átök og afleiðingar. bls. 80-82.“

³² „Samið um EES“. *Morgunblaðið* 22. október, 1991. bls. 1.

³³ Ólafur Þ. Stephensen: *Áfangi á Evrópuþör*. bls. 164-166.

„ótrúlega mikið átakamál hér á landi.“³⁴ Efasemdaraddir hefðu hins vegar nánast þagnað nú þegar styttest í gildistöku samningsins og að fáeinum árum liðnum skildi enginn „út á hvað þessi sérkennilega andstaða gekk.“³⁵ Ríkisstjórnarflokkarnir hefðu staðið þétt saman í því máli og að samstarfið á milli þeirra hefðu oftast verið gott og mál verið leyst af heilindum. Davíð tók þó fram að tveir ólíkir stjórnmalaflokkar hefðu eðlilega sín ágreiningsmál þótt þeir sætu saman í ríkisstjórn.³⁶

Ólíkar áherslur

Eitt þeirra mála sem ágreiningur reyndist síðar um á milli Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins var afstaðan til þess hvort Ísland ætti að sækjast eftir inngöngu í Evrópubandalagið eða ekki. Íslendingar höfðu ekki verið formlegir aðilar að EES-samningnum nema í rúmt ár þegar aukaflokksþing Alþýðuflokksins ályktaði í byrjun febrúar 1995 að lögð skyldi áhersla á slíka inngöngu í aðdraganda þingkosninganna þá um vorið. Var sú stefna mörkuð í kjölfar þess að EFTA-ríkin Austurríki, Finnland og Svíþjóð tóku ákvörðun um að ganga í Evrópusambandið eins og Evrópubandalagið hét þá í kjölfar gildistöku Maastricht-sáttmálans svonefnds. Var kallað eftir því í ályktun aukaflokksþingsins að sótt yrði um inngöngu í sambandið „eins fljótt og auðið er“³⁷ og lögð áhersla á að ekki væri hægt að vita endanlega hvaða kjör Íslendingum stæði til boða nema með því fyrst að láta reyna á slíka samninga.³⁸

Margir töldu að fjórða EFTA-ríkið sem sótti um inngöngu í Evrópusambandið, Noregur, myndi ganga þar inn að sama skapi, en norskir kjósendur höfnuðu því hins vegar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ekki síst mun það hafa verið vegna óásættanlegrar niðurstöðu í sjávarútvegsmálum. *Morgunblaðið* hafði eftir Þorsteini Pálssyni, þá sjávarútvegs-, dóms- og kirkjumálaráðherra, 12. mars 1994 að hann teldi EES-samninginn tryggja hagsmuni Íslendinga og að innganga í Evrópusambandið þjónaði ekki hagsmunum Íslendinga. Ástæðan sem Þorsteinn nefndi voru einkum þeir aðildarsamningar sem Norðmenn voru þá að ræða um við sambandið, en miðað við þá

³⁴ „Fagnaðarefni að standa við stjórnvöl þegar siglingin er kröpp“. *Morgunblaðið* 22. október, 1993. bls. 24-25.

³⁵ „Fagnaðarefni að standa við stjórnvöl þegar siglingin er kröpp“. *Morgunblaðið* 22. október, 1993. bls. 24-25.

³⁶ „Fagnaðarefni að standa við stjórnvöl þegar siglingin er kröpp“. *Morgunblaðið* 22. október, 1993. bls. 24-25.

³⁷ „Mun hafa söguleg áhrif á næstu árum“. *Morgunblaðið* 7. febrúar, 1995. bls. 6.

³⁸ „Mun hafa söguleg áhrif á næstu árum“. *Morgunblaðið* 7. febrúar, 1995. bls. 6.

hefði slík innganga ekki í för með sér betri markaðsaðgang fyrir Íslendinga að neinu ráði en þýddi aftur á móti að Íslendingar yrðu að fórna yfirráðunum yfir auðlindum Íslandsmiða. Á meðan sú væri raunin kæmi innganga í Evrópusambandið ekki til greina. „Við ætlum okkur að ráða þessari auðlind, hún er undirstaðan undir okkar sjálfstæði.“³⁹

Þarna kvað við nokkuð annan tón hjá Þorsteini en á flokksráðsfundi sjálfstæðismanna tæpum fjórum árum áður þegar hann virtist ekki bjartsýnn á að hægt yrði að ná ásættanlegri lendingu í samningum um Evrópska efnahagssvæðið. Sjávarútvegsmálin hafa þó sem fyrr verið honum ofarlega í huga og samningaviðræður Norðmanna við Evrópusambandið hafa ekki aukið trú hans á að hægt yrði að ganga í sambandið og tryggja um leið yfirráð Íslendinga yfir auðlindum fiskimiðanna við Ísland. Vafalaust má gera ráð fyrir að samningar Norðmanna, og síðar höfnun þeirra á þeim, hafi haft áhrif á fleiri hér á landi en Þorstein og ekki aukið áhugann á inngöngu í Evrópusambandið. Í máli Þorsteins kom ennfremur fram að hann teldi að Evrópusambandið væri skuldbundið til þess að standa við EES-samninginn jafnvel þó hin EFTA-ríki gengju í sambandið. Það væri þá tæknilegt úrlausnarefni að breyta samningnum yfir í tvíhliða samning á milli Evrópusambandsins og Íslands.⁴⁰ Það sjónarmið kom einnig fram hjá Jóni Baldvini Hannibalssyni í samtali við *Morgunblaðið* 17. mars þar sem hann sagði Íslendinga hafa verið fullvissaða í tvígang um að engir meinbugir yrðu á því að þeir héldu inntaki EES-samningsins þó semja yrði að nýju um stofnanahlið hans.⁴¹

Talsvert annað sjónarmið kom hins vegar fram hjá Vilhjálmi Egilssyni, þingmanni Sjálfstæðisflokksins, í *Morgunblaðinu* 23. júlí en hjá þeim Davíð og Þorsteini sama ár þar sem hann hvatti til þess að þegar yrði stefnt að umsókn um inngöngu í Evrópusambandið og var sú afstaða meira í ætt við áherslur Alþýðuflokksins en hans eigin flokks. Lýsti hann þeirri skoðun sinni að kjör Íslendinga gætu orðið lakari eftir því sem beðið yrði lengur með að senda slíka umsókn þó hann viðurkenndi um leið að engin sérstök tímappressa væri á slíkri ákvörðun. Nauðsynlegt væri að skilgreina samningsmarkmið Íslendinga og í framhaldi af því vinna þeim stuðning innan

³⁹ „Íslendingar hefðu ekki hag af aðild að ESB“. *Morgunblaðið* 12. mars, 1994. bls. 2.

⁴⁰ „Íslendingar hefðu ekki hag af aðild að ESB“. *Morgunblaðið* 12. mars, 1994. bls. 2.

⁴¹ „Hugsanlegt að meta málið í nýju ljósi“. *Morgunblaðið* 17. mars, 1994. bls. 28.

sambandsins.⁴² Ummæli Vilhjálms þess efnis að engin tímapressa væri til staðar þrátt fyrir að hann teldi nauðsynlegt að sótt yrði um inngöngu í Evrópusambandið benda til þess að Davíð hafi þá verið kominn með góð tók á Sjálfstæðisflokknum í málaflokknum. Gera má ráð fyrir að Vilhjálmur hefði að öðrum kosti ekki fallist á það sjónarmið fyrst hann taldi bið leiða til lakari kjara fyrir Íslendinga í viðræðum við sambandið.

Ný átök ekki eftirsóknarverð

Á ráðstefnu sem Samtök um vestræna samvinnu stóðu fyrir í desember 1994 lýsti Björn Bjarnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og síðar ráðherra, því m.a. yfir að það væri undir Íslendingum sjálfum komið hversu mikinn þátt þeir vildu taka í samrunaþróuninni í Evrópu. Sem aðildarríki EFTA væri Ísland hins vegar fyllilega gjaldgengt í Evrópusambandinu:

Hins vegar verðum við að líta í eigin barm og meta kalt og yfirvegað hvað við erum reiðubúin til að stofna til mikilla átaka innanlands vegna nýrra skrefa á samrunabrautinni. Við höfum mikla reynslu af hörðum deilum um utanríkismál og þær eiga ekki að vera markmið í sjálfu sér. Ytri aðstæður knýja ekki á um að stofnað sé til slíkra átaka um Evrópumálin um þessar mundir.⁴³

Björn sagði að hagsmunir Íslendinga væru ljósir í þessum efnum. Ekki væri vilji til þess að gefa eftir auðlindirnar í fiskveiðilögsögu Íslands til sameiginlegrar stjórnar Evrópusambandsins. Markmið Íslendinga um arðbæran sjávarútveg samrýndist ekki áherslum sambandsins á styrki til atvinnuvegarins. Að auki vildu Íslendingar sitja við sama borð og aðrir. Þá bætti Björn því við að ef við sæktum um inngöngu í Evrópusambandið fengjust ekki svör við spurningum um sjávarútvegsmálin né hver staða Íslands yrði innan sambandsins í framtíðinni enda yrði það allt endurskoðað á næstu árum.⁴⁴

Í tímaritinu *Stefni* árið 1994 birtist ítarlega grein eftir Björn þar sem hann rakti einkum þróun EES-málsins eins og það sá við honum. Í niðurstöðum greinarinnar hafnaði hann því að Íslendingar væru að einangrast á alþjóðavettvangi vegna þess að

⁴² „Fáum verri kjör hjá ESB ef við bíðum“. *Morgunblaðið* 23. júlí, 1994. bls. 6.

⁴³ „Varað við átökum um ESB-aðild“. *Morgunblaðið* 6. desember, 1994. bls. 35.

⁴⁴ „Varað við átökum um ESB-aðild“. *Morgunblaðið* 6. desember, 1994. bls. 35.

þeir hafi ákveðið að standa utan við Evrópusambandið. Það væri rangt að inngöngu í sambandið hefði verið hafnað með því að sækjast ekki eftir henni. Einfaldlega hefði verið ákveðið að fara ekki sömu leið og önnur Norðurlönd. Öflugt samstarf við Evrópusambandið og virkari þátttaka í öðrum evrópskum stofnunum væri hins vegar besta leiðin til þess að sýna fram á að einangrunarstefna réði ekki afstöðunni til sambandsins.⁴⁵

Í ræðu á kosningafundi á Húsavík 24. mars 1995 bætti Davíð um betur. Vék hann m.a. að Evrópumálunum og sagði EES-samninginn tryggja Íslendingum allt það sem innganga í Evrópusambandið gæti veitt viðskiptalega og hvað menning og vísindi varðaði og því væri engin þörf á að ganga í sambandið. Það eina sem þá stæði eftir af málflutningi þeirra sem vildu inn í Evrópusambandið væru áhrif á þróun sambandsins. Fullyrti hann að þau áhrif yrðu ávallt mjög takmörkuð þó þau yrðu ekki einskis virði. Gjaldið fyrir þau áhrif yrði hins vegar hátt. „Þau áhrif myndum við borga með því að gefa eftir okkar eigin áhrif á okkar mikilvægustu auðlind, því sem hafið gefur af sér og til viðbótar tvo milljarða á hverju einasta ári í milligjöf til sambandsins.“⁴⁶ Það er því ljóst að mikill samhljómur var á þessum tíma á milli Björns og Davíðs Oddssonar sem og Þorsteins Pálssonar í þessum efnunum.

Ný afstaða Alþýðuflokksins til Evrópumálanna, og þá einkum áherslan á umsókn um inngöngu í Evrópusambandið, átti stóran þátt í því að sjálfstæðismenn kusu að endurnýja ekki samstarf sitt við flokkinn eftir þingkosningarnar vorið 1995 þó einnig hafi vegið þungt sú staðreynd að áframhaldandi samstarf flokkanna hefði haft mjög nauman meirihluta á þingi. EES-málið hafði verið umdeilt innan Sjálfstæðisflokksins og ummæli einkum Jóns Baldvins Hannibalssonar, um að stefna þyrfti að inngöngu í Evrópusambandið, voru ekki til þess fallin að skapa ró í röðum sjálfstæðismanna.⁴⁷ Forystumenn Sjálfstæðisflokksins hafa að auki ekki verið áfjáðir í ný átök um Evrópumálin eins og m.a. má sjá á ræðu Björns Bjarnasonar á ráðstefnu Samtaka um vestræna samvinnu í desember 1994 enda málið mjög umdeilt innan flokksins auk þess sem ljóst er að þeir höfðu enga sannfæringu fyrir því að ástæða væri til þess sækjast eftir inngöngu Íslands í Evrópusambandið.⁴⁸ Það verður annars að teljast viss kaldhæðni

⁴⁵ Björn Bjarnason: „Staða Íslands gagnvart ESB“. bls. 12.

⁴⁶ „Samanlögð loforð vinstri flokkanna kosta 50 milljarða“. *Morgunblaðið* 26. mars, 1995. bls. 9.

⁴⁷ Viðtal við Björn Bjarnason 3. nóvember 2009. Einnig tölvupóstur frá Birni 28. desember 2009. Sjá einnig: Björn Bjarnason: „Kosningaskjálfti“. bls. 10.

⁴⁸ Sjá í þessu sambandi t.d.: Baldur Þórhallsson: „Stefnumótun, átök og afleiðingar. bls. 111.

fólgin í því að sá málaflókkur sem sennilega hefur helst greitt götu þess að Viðeyjarstjórnin var sett á laggirnar árið 1991 hafi síðan leikið lykilhlutverk í endalokum þess stjórnarsamstarfs.

4. Ríkisstjórn með Framsóknarflokknum

Eftir þingkosningarnar 1995 myndaði Sjálfstæðisflokkurinn ríkisstjórn með Framsóknarflokknum. Davíð Oddsson var áfram í forsætisráðuneytinu en nýr formaður framsóknarmanna, Halldór Ásgrímsson, varð utanríkisráðherra. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sagði að markmið hennar væri m.a. að „treysta samskiptin við Evrópusambandið á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, fylgjast náið með þróun mála innan sambandsins á næstu misserum og kynna íslenska hagsmuni fyrir aðildarríkjum þess.“⁴⁹ Framsóknarflokkurinn hafði verið andvígur því að tengjast Evrópubandalaginu nánnum böndum. Þingflokkur framsóknarmanna klofnaði hins vegar í afstöðunni til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið þegar hann var borinn undir atkvæði á Alþingi og sat hluti þingmanna Framsóknarflokksins hjá við atkvæðagreiðsluna, en sá hópur var leiddur af Halldóri sem þá var varaformaður flokksins. Það var því ljóst að ólíkt því sem gerðist í fyrri ríkisstjórn ætti ný stjórn ágæta samleið í afstöðunni til Evrópusambandsins. Forystumenn ríkisstjórnarflokka voru samstíga í stuðningi við aðildina að EES-samningnum sem og í andstöðu við inngöngu í sambandið sjálft.

Á ráðstefnu á vegum Sjálfstæðisflokksins í höfuðstöðvum flokksins Valhöll 26. nóvember 1995 ræddi Davíð Oddsson um stefnu flokksins í Evrópumálum, nýtt ríkisstjórnarsamstarf og samskiptin við Evrópusambandið. Sagði hann að þó það kæmi ekki orðrétt fram í stjórnarsáttmálanum fæli hann það í sér efnislega að ríkisstjórnin vildi eiga í nánú samstarfi við Evrópusambandið sem og ríki Evrópu sem slík. Það samstarf væri grundvallað á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Ríkisstjórnarflokkarnir væru hins vegar sammála um að það væri ekki á dagskrá að taka afstöðu til þeirrar spurningar hvort Ísland ætti að ganga í Evrópusambandið.⁵⁰ Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins 1996 mótaði flokkurinn fyrst formlega þá stefnu að ekki bæri að sækja um inngöngu í Evrópusambandið en áður hafði öllum möguleikum verið

⁴⁹ Vef. „Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks 1995“.
<<http://www.forsaetisraduneyti.is/utgefid-efni/nr/443>>.

⁵⁰ „Gætum átt stóran hlut í mótun sjávarútvegsstefnu ESB“. *Morgunblaðið* 28. nóvember, 1995. bls. 10.

haldið opnum með almennu orðalagi. Þá var orðið ljóst að EES-samningurinn tryggði hagsmuni Íslendinga og að Norðmenn væru ekki á leiðinni í sambandið.⁵¹

Í ræðu sinni benti Davíð á að engar viðræður um inngöngu nýrra ríkja í Evrópusambandið yrðu fyrr en að lokinni ríkjaráðstefnu sambandsins sem fyrirhuguð væri árið eftir og sem enginn vissi hvenær tæki enda. Flestir væru þó sammála um að henni lyki í fyrsta lagi árið 1997 en þó sennilegar nær aldamótunum. Þá sagði hann að stundum væri spurt að því hvers vegna ekki væri vilji fyrir því að ganga í Evrópusambandið en nær væri þó að spyrja hvers vegna það ætti að gera.⁵² Davíð vakti athygli á því að í Evrópusambandinu væri hálfur annar tugur ríkja sem hefðu þegar komið sér saman um öll meginatriðin í því samstarfi. Ef einhver vildi bætast í hópinn yrði hann að laga sig að því umhverfi en ekki öfugt. Það væri ekki mögulegt að semja sig einfaldlega frá ókostunum, t.d. tengda sameiginlegri sjávarútvegsstefnu sambandsins. Þá sagði Davíð að enginn Íslendingur hefði talað um þessi máli við jafnmarga forystumenn Evrópuríkja og Evrópusambandsins sjálfs á undanförunum árum og hann og því þyrfti enginn að segja sér hvernig skilyrðin væru sem sett væru fyrir inngöngu í sambandið.⁵³

Halldór Ásgrímsson beitti svipuðum rökum í fyrstu skýrslu sinni um utanríkismál á Alþingi haustið 1995. Þar lagði hann áherslu á að það væri ekki á stefnuskrá nýrrar ríkisstjórnar að fara þá leið að sækja um inngöngu í Evrópusambandið. Þeir sem vildu ganga í sambandið segðust, a.m.k. í orði, ekki reiðubúnir að setta sig við sameiginlega sjávarútvegsstefnu þess og yfirráð yfir fiskveiðilögsögu Íslands. Með umsókn væri hins vegar „gefið til kynna, að við gætum sætt okkur við sameiginlega sjávarútvegsstefnu sambandsins í meginatriðum.“⁵⁴ Engar vísbendingar væru um að hægt yrði að komast hjá yfirráðum Evrópusambandsins yrði af inngöngu í sambandið. Hins vegar væri ljóst að ef breytingar yrðu að þessu leyti og nýjar vísbendingar kæmu fram þyrfti að meta stöðuna upp á nýtt.⁵⁵

Þegar komið var fram á árið 1997 er ljóst að Davíð Oddsson var farinn að fá auknar efasemdir um þróun Evrópusambandsins og hvert það stefndi. Þannig sagði hann

⁵¹ Baldur Þórhallsson: „Stefnumótun, átök og afleiðingar. bls. 114-115.

⁵² „Gætum átt stóran hlut í mótun sjávarútvegsstefnu ESB“. *Morgunblaðið* 28. nóvember, 1995. bls. 10.

⁵³ „Gætum átt stóran hlut í mótun sjávarútvegsstefnu ESB“. *Morgunblaðið* 28. nóvember, 1995. bls. 10.

⁵⁴ Vef. „Skýrsla ráðherra um utanríkismál á Alþingi“.

<<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/raedurHA/nr/503>>.

⁵⁵ Vef. „Skýrsla ráðherra um utanríkismál á Alþingi“.

<<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/raedurHA/nr/503>>.

á fundi á vegum Samtaka um vestræna samvinnu 3. maí 1997 þar sem utanríkismál voru til umfjöllunar að spurningunni um það hvort Ísland ætti að ganga í Evrópusambandið eða ekki væri aldrei hægt að svara endanlega enda tæki sambandið stöðugum breytingum og erfitt að segja til um þróun mála um ófyrirsjáanlega framtíð. Nú um stundir virtist Evrópusambandið hins vegar stefna í átt til aukinnar miðstýringar og vaxandi áhrifaleysis einstakra ríkja þess um eigin málefni. Meðan sú væri stefnan yxu varla líkurnar á því að Íslendinga teldu inngöngu í sambandið fýsilega. Hins vegar væri ljóst að ef Evrópusambandið tæki aðra stefnu þá gæti sú afstaða breyst. Þá kölluðu engir brýnir hagsmunir á inngöngu Íslands í sambandið frekar en áður. Náíð samstarf við ríki Evrópu væri hins vegar mikilvægt og Evrópusambandið hefði með störfum sínum og tilvist haft jákvæð áhrif í álfunni á margan hátt. Á meðan það væri til fyrir þjóðir hennar væri ekki vá fyrir dyrum. „En um leið og þeir ná endanlega yfirhöndinni sem trúá því að þjóðirnar séu til fyrir Evrópusambandið, þá er fjandinn laus.“⁵⁶

Í stefnuræðu sinni á Alþingi 1. október 1998 kom Davíð lítillaga inn á Evrópumálin í tengslum við góða stöðu þjóðarbúsins, ekki síst hvað sneri að erlendum skuldum ríkisins og niðurgreiðslu á þeim. Sagði hann að við upphaf kjörtímabilsins hefðu margir orðið til þess að fullyrða að ef Íslandi gengi ekki í Evrópusambandið myndi landið dragast hratt aftur úr öðrum löndum en reyndin hefði alls ekki orðið sú. Þvert á móti hefði á Íslandi mælst einna mest velferð í heiminum af alþjóðlegum stofnunum og lánstraust þjóðarinnar yxi með hverju árinu.⁵⁷

Sjávarútvegurinn

Hagsmunir sjávarútvegarins hafa sennilega hvað lengst verið helsta ástæðan fyrir skorti á áhuga fyrir því á Íslandi að ganga í Evrópusambandið og forvera þess, a.m.k. síðan tekin var upp sameiginleg sjávarútvegsstefna á vettvangi þess í upphafi 8. áratugar síðustu aldar. Ástæða þess hefur ekki síst verið þeir miklu efnahagslegu hagsmunir sem í veði hafa verið fyrir íslenskt þjóðarþú en einnig hafa yfirráðin vafalítið verið samofin hugmyndum um fullveldi Íslands og stjórn eigin mála. Segja má því að öll umræða um Evrópumálin hafi í gegnum tíðina verið meira eða minna samofin þessum hagsmunum og þá hvort og hvernig þeim yrði borgið í tengslum við samrunaþróunina í Evrópu.

⁵⁶ „Ekki hægt að svara spurningu um aðild í eitt skipti fyrir öll“. *Morgunblaðið* 6. maí, 1997. bls. 12.

⁵⁷ *Vef.* „Stefnuræða 1998“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/316>>.

Sameiginleg stefna Evrópusambandsins í sjávarútvegsmálum, sem m.a. hefur falið í sér yfirstjórn sambandsins á þeim málaflokki innan ríkja þess, hefur fyrir vikið verið Íslendingum þyrnir í augum og þá ekki síst á pólitíska sviðinu. Almennt hefur það sjónarmið ríkt að Ísland gæti ekki gengið í Evrópusambandið nema tryggt væri að yfirstjórn sjávarútvegsmála á Íslandsmiðum yrði áfram í höndum íslenskra stjórnvalda. Það hefur hins vegar almennt ekki verið talið samrýmast inngöngu í sambandið og því verið litið svo á að Íslendingar þyrftu að fá varanlegar undanþágur frá sameiginlegri sjávarútvegsstefnu þess sem tryggðu þeim forræðið yfir auðlindum miðanna við Ísland. Hvort slíkar undanþágur væru í boði hefur hins vegar verið tilefni mjög skiptra skoðana og ekki allir verið á eitt sáttir í þeim efnum. Þó er ljóst að sjávarútvegsmálin hafa ekki verið það eina sem staðið hefur í vegi þess að Ísland gengi í Evrópusambandið þrátt fyrir að hafa vegið mjög þungt.

Í ræðu sinni á Viðskiptaþingi árið 2000 gagnrýndi Davíð þá sem héldu því fram að í hugsanlegum viðræðum um inngöngu í Evrópusambandið væri ekkert vitað fyrirfram hvað væri í boði, t.a.m. í sjávarútvegsmálum. Þarna væri á ferðinni mikil óvissa sem aðeins yrði skýrð í viðræðum við sambandið. Þessu hafnaði Davíð alfarið og sagði að forystumenn Evrópusambandsins hefðu margítrekað tekið það fram að Íslandi stæði ekki til boða að fá varanlegar undanþágur frá sameiginlegri sjávarútvegsstefnu sambandsins. Íslensk fiskveiðistjórnun yrði fyrir eða síðar að heyra undir stjórn þess. Hann benti ennfremur á að umræddir forystumenn Evrópusambandsins hefðu enga hagsmuni af því láta hlutina líta verr út en þeir gerðu enda flestir hlynntir því að Ísland gengi í sambandið og bætti síðan við: „Evrópusambandið er ekki mötuneyti með mörgum matseðlum. Það er bara einn matseðill fyrir alla, en menn geta fengið nokkurn frest til að kyngja því sem þeim þykir ólystugast.“⁵⁸

Helsti fyrirvarinn sem Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra, setti við inngöngu í Evrópusambandið sneri að sjávarútvegsmálum og má jafnvel færa fyrir því rök að sá málaflokkur hafi verið eina hindrunin sem hann taldi í veginum. Í einni af fyrstu ræðum hans sem utanríkisráðherra þar sem Evrópumálin voru til umræðu sagði hann að sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins væri óaðgengileg fyrir Íslendinga og engar vísbendingar væru um að sambandið væri „reiðubúið að taka tillit til séraðstæðna

⁵⁸ Vef. „Viðskiptaþing Verslunarráðs Íslands 2000“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/332>>.

Íslands.“⁵⁹ Tómt mál væri að tala um inngöngu í Evrópusambandið fyrir en slíkur skilningur væri til staðar. Ennfremur sagði Halldór að framsal yfirráða yfir auðlindum Íslandsmiða væri „frágangssök af okkar hálfu“⁶⁰ og „lífshagsmunum þjóðarinnar verður ekki fórnað á altari aðildar að ESB.“⁶¹ Þá nefndi hann að opinbert styrkjakerfi Evrópusambandsins í sjávarútvegi væri óásættanlegt. Aðra stóra ókosti við inngöngu í Evrópusambandið en sjávarútvegsmálin tiltók Halldór ekki í ræðu sinni og hliðstæða sögu má segja af þeim ræðum sem hann flutti næstu árin þar sem Evrópumálin komu við sögu.⁶² Annan tón kvað hins vegar við í ræðu sem Halldór flutti í Berlín í mars 2002 þar sem hann setti fram þá hugmynd að miðin við Ísland væru skilgreind sem sérstakt stjórnsýslusvæði innan sameiginlegrar sjávarútvegsstefnu sambandsins.⁶³ Undirtektir innan Evrópusambandsins munu þó hafa verið dræmar sem aftur hefur vafalaust átt sinn þátt í því að rúmum tveimur árum síðan fór Halldór ófögurum orðum um það sem hann kallaði „neo-colonialism“, eða nútíma-nýlendustefnu, sambandsins og byggðist á því að svipta fiskveiðipjóðir innan þess stjórn sjávarútvegs mála sinna.⁶⁴

Telja má fullvíst að Davíð Oddsson hafi m.a. svarað hugmynd Halldórs um sérstakt stjórnsýslusvæði á Íslandsmiðum í ávarpi á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins í maí 2002. Þar sagði hann ekkert rangt eða óheiðarlegt við það að lýsa sig hlynntan inngöngu í Evrópusambandið en það væri hins vegar raunin þegar gefið væri til kynna að hægt væri að semja sig frá öllum ókostum hennar þótt ljóst væri að það væri ekki gerlegt. Það lægi fyrir í öllum meginatriðum hver fórnarkostnaðurinn yrði af inngöngu í Evrópusambandið og það væri „forkastanlegt að fela hann eða gefa til kynna að hann muni gufa upp sé óþekktum galdraformúlum beitt gegn honum.“⁶⁵ Má gera fastlega ráð fyrir að sérstaka stjórnsýslusvæðið sem Halldór ræddi um hafi verið þessi óþekhta

⁵⁹ Vef. „Evrópustefna íslenskra stjórnvalda - Ávarp ráðherra á málstefnu Alþjóðaverslunarráðsins á Íslandi“. <<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/raedurHA/nr/507>>.

⁶⁰ Vef. „Evrópustefna íslenskra stjórnvalda - Ávarp ráðherra á málstefnu Alþjóðaverslunarráðsins á Íslandi“. <<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/raedurHA/nr/507>>.

⁶¹ Vef. „Evrópustefna íslenskra stjórnvalda - Ávarp ráðherra á málstefnu Alþjóðaverslunarráðsins á Íslandi“. <<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/raedurHA/nr/507>>.

⁶² Sjá t.d.: Vef. „Utanríkisstefna Íslands á breytingartímum (á ensku)“. <<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/raedurHA/nr/1074>>. Einnig: Vef. „Erindi flutt hjá Evrópudeild Chulalongháskóla í Bangkok (á ensku)“. <<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/raedurHA/nr/973>>.

⁶³ Vef. „Ræða ráðherra hjá Deutsche Gesellschaft fuer Auswaertige Politik í Berlín.“ <<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/raedurHA/nr/1745>>.

⁶⁴ Vef. „Hafsjór tækifæra. Ocean of opportunities“. <<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/raedurHA/nr/2340>>.

⁶⁵ Vef. „Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins 2002“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/365>>.

galdraformúla. Ljóst er að þarna var ekki á ferðinni eina skiptið sem þeir deildu um Evrópumál á opinberum vettvangi þó það hafi ekki verið viðurkennt opinberlega.

En þrátt fyrir áherslu Davíðs á mikilvægi sjávarútvegsmálanna fyrir hagsmuni Íslendinga þegar kæmi umræðum um hugsanlega inngöngu í Evrópusambandið kom t.a.m. skýrt fram hjá honum í samtali við *Morgunblaðið* sumarið 2004 að hann teldi þau alls ekki vera það eina sem stæði í vegi fyrir því að Ísland gengi þar inn. Margar ástæður væru til þess að það dæmi gengi ekki upp, ekki aðeins vegna sjávarútvegarins, og nefndi sérstaklega evruna, sameiginlegan gjaldmiðil Evrópusambandsins, sem þá var kominn í notkun sem almennur gjaldmiðill og hann taldi alls ekki henta hagsmunum Íslands á efnahagssviðinu m.a. vegna þess að Íslendingar hefðu þörf fyrir aðra vaxtastefnu en haldið væri úti innan sambandsins.⁶⁶

Efnahags- og myntbandalag Evrópu

Í upphafi árs 1999 var Efnahags- og myntbandalag Evrópu sett á laggirnar og þremur árum síðar var sameiginlegur gjaldmiðill Evrópusambandsins, evran, tekin í notkun sem almennur gjaldmiðill og leysti þar með af hólmi tólf eldri gjaldmiðla og þar á meðal þýska markið, franska frankann og ítölsku líruna. Bretar, Danir og Svíar kusu hins vegar að standa utan við evrusvæðið og halda í sína sjálfstæðu gjaldmiðla, en upptöku evrunnar var hafnað í sérstöku þjóðaratkvæði í Danmörku árið 2000 og síðar af Svíum haustið 2003.

Áramótagrein Davíðs Oddssonar í *Morgunblaðinu* 31. desember 1998 fór að talsverðu leyti í umfjöllun um Efnahags- og myntbandalagið. Benti hann m.a. á að lítil vafi væri á því að hinn sameiginlegi gjaldmiðill ætti eftir að auðvelda Íslendingum róðurinn í útflutningsmálum og sagðist vona að tilkoma hans ætti eftir að hafa jákvæð áhrif fyrir alla álfuna. Efasemdir hefðu þó verið uppi um málið sem sæist m.a. á því að ekki tækju öll ríki Evrópusambandsins þátt í hinum sameiginlega gjaldmiðli. Umdeilt væri hversu vel hann ætti eftir að skila sér í auknum viðskiptum og aukinni efnahagslegri hagsæld.⁶⁷ Davíð sagði að íslensk stjórnvöld fylgdust náið með þessari þróun og hefðu látið kanna áhrif hennar á íslenskt efnahagslíf. Ekki væri útlit fyrir að tilkoma Efnahags- og myntbandalags Evrópu hefði neinar grundvallarbreytingar á

⁶⁶ „Takmörkuð áhrif á Íslandi“. *Morgunblaðið* 8. júní, 2005. bls. 8.

⁶⁷ Vef. „Áramótagrein í Morgunblaðinu 1998“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/24>>.

fyrirkomulag gengismála á Íslandi. Þrátt fyrir að þau ríki sem mynduðu bandalagið skiptu miklu máli í utanríkisviðskiptum Íslendinga væri hlutur þeirra ekki yfirgnæfandi. Þar munaði miklu um Bretland sem væri stærsta markaðsland Íslands, en Bretar hefðu kosið að standa utan við hinn sameiginlega gjaldmiðil. Að öðru leyti væru niðurstöður athugunar ríkisstjórnarinnar þær að ef vel tækist til með hið nýja myntbandalag myndi tilkoma þess almennt hafa jákvæð áhrif á íslenskt efnahagslíf. Þannig ætti viðskiptakostnaður íslenskra fyrirtækja eftir að minnka og aukin hagkvæmni innan bandalagsins væri líkleg til þess að skila sér til íslenskra neytenda. Á móti kynni tilurð þess að veikja að einhverju leyti samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum samkeppnisaðilum.⁶⁸

Í ræðu á Viðskiptaþingi Verslunarráðs Íslands 16. febrúar árið 2000 gerði Davíð Oddsson evruna aftur að miklu leyti að umfjöllunarefni sínu og er ljóst að hann var þá orðinn talsvert neikvæðari í garð hins sameiginlega gjaldmiðils. Sagði hann aðallega nauðhyggjumenn vilja tengjast evrunni og jafnvel taka hana upp hér á landi og að sú skoðun ætti lítið skylt við skynsemi enda augljóst að það hefði verulega slæmar afleiðingar ef evra væri notuð hér. Þannig væri engan veginn um sambærilegar aðstæður að ræða m.a. með tilliti til vaxtastigs og verðbólgu. Nefndi hann Íra sem dæmi um evruríki sem missir sjálfstæðrar hagstjórnar léki grátt vegna þessa. Þetta vandamál yrði aldrei tímabundið heldur varanlegt fyrir Íslendinga. Þá sagði Davíð að hafa yrði í huga að evran yrði ekki tekin upp nema með inngöngu í Evrópusambandið.⁶⁹

Næstu misserin urðu evran og efnahagsmál Davíð oftast að umfjöllunarefni, t.a.m. á Viðskiptaþingi tveimur árum síðar. Þar sagði Davíð eðlilegt að upp vaknaði sú spurning hvort Íslendingar neyddust ekki til þess að taka hana upp og gerast aðilar að myntsamstarfi Evrópusambandsins. Það væri hins vegar að hans mati mikið óráð enda endurspegluðu gengissveiflur evrunnar aðstæður í stærri ríkjum sambandsins en ekki í þeim sem minni væru.⁷⁰ Þá má geta þess að í áramótagrein Davíðs í *Morgunblaðinu* 31. desember 2002 gerði Davíð evruna einnig að umfjöllunarefni þegar hann minntist t.a.m. á lítinn hagvöxt í annars staðar í Evrópu og aukið atvinnuleysi og bætti síðan við: „Hin

⁶⁸ Vef. „Áramótagrein í Morgunblaðinu 1998“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/24>>.

⁶⁹ Vef. „Viðskiptaþing Verslunarráðs Íslands 2000“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/332>>.

⁷⁰ Vef. „Viðskiptaþing Verslunarráðs Íslands 2002“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/362>>.

sameiginlega mynt sem spekingar spáðu í kór að myndi hleypa lífi í efnahagsþróun Evrópusambandsríkja hefur ekki skilað tilætluðum árangri og vantar enn boðlegar skýringar á því hvað það var sem brást.⁷¹

Nokkrum árum síðar viðraði Björn Bjarnason, þá dómsmálaráðherra, þann möguleika að kanna yrði með að taka upp evru á Íslandi án inngöngu í Evrópusambandið, þá annað hvort í samráði við Evrópusambandsins eða einhliða og án þess. Það var þó ekki vegna sannfæringar Björns um að skipta ætti krónunni út heldur einkum í þeim tilgangi að kanna hvort þessi möguleiki væri raunverulega til staðar teldist fýsilegt að taka það skref.⁷² Tilefni þessara vangavelta var vaxandi umræða um það hvort íslenska krónan gæti áfram þjónað íslensku efnahagslífi til frambúðar og hvort hagsmunum þjóðarinnar væri hugsanlega betur borgið með upptöku erlends gjaldmiðils með einum eða öðrum hætti. Síðar átti sú umræða eftir að færast í aukana samfara vaxandi erfiðleikum í íslensku efnahagslífi og vandamálum sem margir tengdu við það að halda úti litlum sjálfstæðum gjaldmiðli. Sú umræða átti sér ekki síst stað innan viðskiptalífsins sem lengi hefur verið í nánnum tengslum við Sjálfstæðisflokkinn og forystumenn hans.

5. Endurnýjað samstarf við Framsókn

Í aðdraganda Alþingiskosninganna árið 1999 urðu sennilega mestu breytingar á landslagi íslenskra stjórn mála frá því Sjálfstæðisflokkurinn varð til við sameiningu Íhaldsflokksins og Frjálslynda flokksins árið 1929 og Kommúnistaflokkur Íslands var stofnaður árið eftir. Fjórir flokkar heyrðu þá sögunni til, Alþýðuflokkurinn, Alþýðubandalagið, Kvinnalistinn og Þjóðvaki, og runnu saman í Samfylkinguna. Tveir aðrir flokkar voru stofnaðir, Vinstrihreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn. Þessar breytingar urðu þó ekki til þess að Evrópumálin yrðu að kosningamáli í það skiptið frekar en áður enda hafði enginn stjórn málaflokkanna inngöngu í Evrópusambandið á stefnuskrá sinni.

Eftir kosningarnar endurnýjuðu Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn stjórnarsamstarf sitt og var stefnan í Evrópumálum svohljóðandi: „Samskiptin við Evrópusambandið verði áfram treyst á grundvelli sammingsins um Evrópska

⁷¹ Vef. „Áramótagrein í Morgunblaðinu 2002“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/378>>.

⁷² Björn Bjarnason: *Hvað er Íslandi fyrir bestu?* bls. 132-137 og 144-147. Einnig: Björn Bjarnason: „Evran ekki lengur ESB-gulrót“. bls. 8-12.

efnahagssvæðið og annarra samninga sem Ísland á aðild að. Áfram verði náði fylgst með þróun Evrópusambandsins með framtíðarhagsmunum Íslands að leiðarljósi.⁷³ Stefnan gagnvart Evrópusambandinu var þannig í raun óbreytt frá því í fyrra ríkisstjórnarsamstarfi flokkanna. Orðalagið var eilítið annað, en efnislega er ljóst að um var að ræða sömu stefnuna. Í stefnuræðu sinni um haustið minntist Davíð Oddsson ekki á Evrópumálin⁷⁴ en kom hins vegar inn á þau í áramótagrein sinni í Morgunblaðinu 31. desember 1999. Þar ræddi hann um stöðu Íslands gagnvart aukinni alþjóðavæðingu og sagði ekki ástæðu fyrir íslenska ríkið að kvíða henni. Íslendingar væru útflutningþjóð og frelsi í heimsviðskiptum drægi úr aðstöðumun stærri og smærri þjóða. Það væri þó lykilatriði að íslenskt efnahagslíf væri rekið í samræmi við það sem almennt gerðist annars staðar í heiminum. Gaf hann ekkert fyrir ummæli um að hætta væri á að Ísland einangraðist ef landið gengi ekki í Evrópusambandið og sagði slíkan málflutning úreldan.⁷⁵ „Hitt er rétt að aldrei er hægt að útiloka Evrópusambandsaðild um ókomna tíð. Því er jákvætt að umræða um þessi mál heldur áfram, jafnframt því sem Evrópusambandið sjálft þróast og breytist.“⁷⁶ Sagði Davíð að langtímahagsmunir Íslendinga væri það sem leggja bæri til grundvallar í þeim efnunum og þegar þeir væru metnir væri ljóst að innganga í sambandið yrði dýru verði keypt á meðan kostnaðurinn af því að standa utan þess væri hverfandi.⁷⁷

Mikilvægi umræðunnar um Evrópumál var Davíð að sama skapi umhugað í áramótagrein hans í *Morgunblaðinu* 31. desember 2000 þar sem hann sagði að þó allar hliðar málaflokksins væru margræddar væri sjálfsagt að sú umræða héldi áfram en bætti við að það þýddi ekki að menn gætu vikið sér undan því að útskýra hvaða kostir við inngöngu í Evrópusambandið væru þyngri á metunum „en þeir ókostir sem við blasa og margstaðfest er að mundu fylgja aðild Íslands að Evrópusambandinu.“⁷⁸ Sagði hann umræðuna verða að fara fram á grundvelli staðreynda en ekki óskhyggju og því hvað

⁷³ Vef. „Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks 28. maí 1999“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/68>>.

⁷⁴ Vef. „Stefnuræða forsætisráðherra 1999“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/317>>.

⁷⁵ Vef. „Áramótagrein forsætisráðherra í Morgunblaðinu 1999“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/25>>.

⁷⁶ Vef. „Áramótagrein forsætisráðherra í Morgunblaðinu 1999“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/25>>.

⁷⁷ Vef. „Áramótagrein forsætisráðherra í Morgunblaðinu 1999“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/25>>.

⁷⁸ Vef. „Áramótagrein í Morgunblaðinu“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/26>>.

áynnist með slíkri inngöngu og hverju teldist fórnandi.⁷⁹ Hliðstætt var uppi á tengingnum í ávarpi á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins í maí 2002 þar sem Davíð sagðist ávallt hafa verið hlynntur „mikilli og öflugri umræðu um Evrópusambandsmálin, enda sannfærður um að upplýst umræða um þau muni verða mjög til góðs.“⁸⁰ Því hefur stundum verið fleygt að Davíð hafi lagt sig fram við reyna að bæla niður alla umræðu um Evrópumálin en hvort sem eitthvað er til í því eða ekki er a.m.k. ljóst að í orði kveðnu var hann mjög hlynntur umræðu um málaflökkinn.

Deilt um stöðu EES-samningsins

Meint veikari staða samningsins um Evrópska efnahagssvæðið varð tilefni aukinnar umræðu árið 2000 og árin á eftir. Urðu ýmsir til þess að halda því fram að samningurinn væri á einhvern hátt orðinn úreltur og þjónaði ekki hagsmunum Íslendinga eins og áður. Á meðal þeirra sem héldu þessu fram var Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra. Taldi hann að þær breytingar sem átt hefðu sér stað á Evrópusambandinu frá því að EES-samningurinn var gerður væru slíkar að þær settu samninginn í uppnám. Því væri nauðsynlegt að ná fram uppfærslu á honum í samræmi við þessar breytingar.⁸¹ Áður hafði Halldór þó við ófá tilefni mært EES-samninginn og notagildi hans fyrir hagsmuni Íslendinga. Þannig sagði hann t.a.m. í ræðu sem hann flutti í nóvember 1995 að sérstaða samningsins gagnvart öðrum alþjóðasamningum sem Ísland hefði gert væri sú að hann væri í sífellri þróun. „Í því felst að við erum sífellt að laga hann að þeirri samrunaþróun sem á sér stað innan ESB.“⁸² Í ræðu um utanríkismál má Alþingi í apríl árið eftir varð honum sömuleiðis tíðrætt um vaxandi áhrif EFTA-ríkjanna á þá lagasetningu Evrópusambandsins sem félli undir EES-samninginn.⁸³ Í skýrslu um Evrópumál á Alþingi vorið 2000 var hins vegar komið annað hljóð í strokkinn og lýsti Halldór þar miklum efasemdum um stöðu samningsins eins og áður er lýst.⁸⁴

⁷⁹ Vef. „Áramótagrein í Morgunblaðinu“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/26>>.

⁸⁰ Vef. „Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins 2002“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/365>>.

⁸¹ „Telur Evrópska efnahagssvæðið ekki hafa þróast í takt við ESB“. *Morgunblaðið* 20. september, 2000. bls. 10.

⁸² Vef. „Evrópastefna íslenskra stjórnvalda - Ávarp ráðherra á málstefnu Alþjóðaverslunarráðsins á Íslandi“. <<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/raedurHA/nr/507>>.

⁸³ Vef. „Skýrsla ráðherra um utanríkismál á Alþingi“. <<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/raedurHA/nr/520>>.

⁸⁴ Vef. „Evrópuskýrsla: Ræða ráðherra á Alþingi“. <<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/raedurHA/nr/483>>.

Hvað valdið hefur sinnaskiptum Halldórs gagnvart EES-samningnum er óljóst enda kom sjaldnast fram hjá honum nákvæmlega á hverju efasemdir hans byggðust og ekki að sjá að nokkuð hafi gerst í millitíðinni sem geti skýrt þær. Útskýringar hans voru aðallega almenns eðlis þar sem vísað var til breytinga sem orðið hefðu á stofnanauppbyggingu Evrópusambandsins og tilkomu nýrra þátta eins og t.a.m. evrunnar. Ekki komu hins vegar fram nein raunveruleg dæmi þess að samningurinn stæði höllum fæti eða að hann þjónaði ekki hagsmunum Íslendinga eins og ráð hefði verið fyrir gert. Líklegt verður að telja að gagnrýni Halldórs á EES-samninginn hafi að einhverju leyti byggst á vaxandi áhuga hans á inngöngu í Evrópusambandið og að hann hafi þá talið samninginn vera orðinn að hindrun í vegi þess að af því gæti orðið. Þar hefur vafalaust vegið þungt sú afstaða Davíðs Oddssonar og fleiri forystumanna Sjálfstæðisflokksins að samningurinn tryggði vel hagsmuni Íslendinga gagnvart Evrópusambandinu og gerði það að verkum að engin ástæða væri til þess að skoða með inngöngu í sambandið ásamt vaxandi andstöðu í þeirra röðum við að slíkt skref yrði tekið.

Forystumenn Samfylkingarinnar voru á meðal þeirra sem tóku undir þessa gagnrýni á EES-samninginn. Þannig sagði Össur Skarphéðinsson, þáverandi formaður Samfylkingarinnar, t.a.m. í aðsendri grein í *Morgunblaðinu* í júlí árið 2000 að þróun Evrópusambandsins hefði m.a. leitt til þess að samstarfið innan þess snerist um fleiri þætti en áður og nefndi sérstaklega dóms- og utanríkismál auk tilkomu sameiginlegs gjaldmiðils. Á meðan hefði EES-samningurinn „staðið óbreyttur og rýrnað að pólitísku mikilvægi.“⁸⁵ Sagði Össur að aðgangur Íslendinga að ákvarðanatöku innan Evrópusambandsins lyti sífellt meiri takmörkunum og að sú staða væri að skapast að Ísland yrði að innleiða ákvarðanir sem teknar hefðu verið á vettvangi sambandsins „án þess að geta haft nægileg áhrif á endanlega gerð þeirra.“⁸⁶ Sagði Össur þetta vera breytingu á þeim forsendum sem EES-samningurinn hefði verið byggður á.⁸⁷ Gera má ráð fyrir að gagnrýni forystumanna Samfylkingarinnar hafi að sama skapi að einhverju leyti stjórnað af miklum áhuga í þeirra röðum á því að sótt yrði um inngöngu í Evrópusambandið.

⁸⁵ Össur Skarphéðinsson: „Fullveldi og áhrif“. bls. 50.

⁸⁶ Össur Skarphéðinsson: „Fullveldi og áhrif“. bls. 50.

⁸⁷ Össur Skarphéðinsson: „Fullveldi og áhrif“. bls. 50.

Davíð gerði stöðu EES-samningsins m.a. að umfjöllunarefni í ræðu á Viðskiptaþingi árið 2000. Sagði hann að ekkert væri til í fullyrðingum um að samningurinn gengi ekki nógu vel eða að hann væri jafnvel að líða undir lok. Í öllum aðalatriðum gengi samningurinn þvert á móti vel fyrir sig. Hins vegar væru það frekar taldar fréttir þegar einhver snuðra hlypi á þráðinn en þegar vel gengi sem allajafna væri raunin. Sagði Davíð að hann teldi einsýnt að hag Íslands væri best borgið með viðtækum viðskiptum og samskiptum við sambandið á grundvelli EES-samningsins og um leið með því að nýta sér legu landsins og auka tengsl landsins við Norður-Ameríku m.a. með bættum aðgangi að sameiginlegum markaði NAFTA, Fríverslunarsamtaka Norður-Ameríku.⁸⁸

Með áherslu Davíðs á nán tengsl bæði við Evrópu og Norður-Ameríku í ræðunni rifjast upp greinargerð aldamótanefndar Sjálfstæðisflokksins frá því rúmum áratug áður þar sem m.a. var rætt um þrjár leiðir sem Ísland gæti farið hvað sneri að tengslunum við Evrópubandalagið, halla sér annað hvort að því eða Norður-Ameríku eða reyna að ná hagstæðum viðskiptasamningum í báðar áttir. Í greinargerðinni var rætt um þær í beinu framhaldi af vangaveltum um það hvers framtíðarþróun Evrópubandalagsins ætti eftir að verða.⁸⁹ Þriðja leiðin sem rætt var um í greinargerðinni varð m.ö.o. ofan á og þá væntanlega vegna þess að þróun Evrópusamrunans hefur ekki þótt hafa verið í ákjósanlegar áttir. Hvað fríverslun við Norður-Ameríku varðar hefur Ísland nú bæði undirritað fríverslunarsamninga við Mexíkó⁹⁰ og Kanada⁹¹ í gegnum EFTA og þreifingar hafa verið í gangi um árabíl um fríverslun við Bandaríkin þó samningar hafi ekki enn náðst. Þess má þó geta að Halldór Ásgrímsson lét þau orð falla í samtali við *Morgunblaðið* 4. júlí 2003 að EFTA væri hugsanlega líklegra til þess að ná samningum um fríverslun við Bandaríkin en Evrópusambandið þar sem minni togstreita væri þar á milli á sviði viðskiptamála.⁹²

⁸⁸ Vef. „Viðskiptaþing Verslunarráðs Íslands 2000“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/332>>.

⁸⁹ „Hugsanlegt að óska eftir viðræðum um aðild“. *Morgunblaðið* 23. júlí, 1994. bls. 6.

⁹⁰ Vef. „Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkjanna og Mexíkó“. <<http://www.utanrikisraduneyti.is/samningar/friverslunarsamningar/nr/383>>.

⁹¹ Vef. „Fríverslunarsamningur EFTA og Kanada“. <<http://www.utanrikisraduneyti.is/samningar/friverslunarsamningar/nr/5024>>.

⁹² „Líklegra að EFTA nái samningum en ESB“. *Morgunblaðið* 4. júlí, 2003. bls. 1.

Staða EES-samningsins var Davíð Oddssyni enn hugleikin í stefnuræðu hans á Alþingi haustið 2000. Sagði hann m.a. af því tilefni að það væri rétt að samningurinn tryggði Íslandi ekki aðgang að pólitískri ákvarðanatöku innan Evrópusambandsins en það hafi líka aldrei staðið til og hafi legið fyrir þegar gengið var frá samningnum á sínum tíma. Á móti hafi Íslendingar getað staðið fyrir utan ókosti sambandsins fyrir hagsmuni sína.⁹³

Schengen-samstarfið

Ísland varð formlega aðili að svokölluðu Schengen-samstarfi á vegum Evrópusambandsins 25. mars 2001 en aðdragandi þess náði aftur til ársins 1985 þegar fyrst var hreyft hugmyndum um slíkt samstarf.⁹⁴ Formleg ákvörðun um að sótt yrði um aðild að samstarfinu var tekin af ríkisstjórninni 9. apríl 1996.⁹⁵ Í stuttu máli sagt má segja að megininntak Schengen-samstarfsins fjalli um frjálsa för fólks um innri landamæri aðildarríkja þess og afnám eftirlits með einstaklingum við för um þau en á sama tíma eflingu eftirlits á ytri landamærum svæðisins. Þó svo að persónueftirliti sé hætt við för um innri landamæri svæðisins þurfa þeir sem fara um þau eftir sem áður að hafa meðferðis vegabréf til að sanna á sér deili ef þess er óskað í erlendu ríki.⁹⁶

Afstaða Davíðs Oddssonar til Schengen-samstarfsins og aðildar Íslands að því kemur vafalaust hvergi betur fram en í ávarpi sem hann flutti við setningu málþings Lögfræðingafélags Íslands 18. október 2002. Þar sagði hann m.a. að markmið samstarfsins þættu vafalaust eðlileg þróun mála á meginlandi Evrópu enda hafi ríkin þar fyrir löngu gefist upp á að halda uppi landamæraeftirliti sín á milli. Hins vegar sæi það nokkuð öðruvísi við eyríkjum sem vegna landfræðilegrar legu hefðu alla möguleika á því að halda uppi öflugum eftirliti með landamærum sínum og ná jafnvel betri árangri en stefnt væri að með Schengen-samstarfinu. Benti hann á að bæði Bretar og Írar hefðu kosið að standa utan samstarfsins og gæta áfram eigin landamæra.⁹⁷

⁹³ Vef. „Stefnuræða forsætisráðherra 2000“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/857>>.

⁹⁴ Vef. „Ræða dóms- og kirkjumálaráðherra á fundi Samtaka um vestræna samvinnu um Schengen-samkomulagið“. <http://www.domsmlaraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar_bjorn/nr/528>.

⁹⁵ Björn Bjarnason: *Hvað er Íslandi fyrir best?* bls. 64.

⁹⁶ Vef. „Ræða dóms- og kirkjumálaráðherra á fundi Samtaka um vestræna samvinnu um Schengen-samkomulagið“. <http://www.domsmlaraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar_bjorn/nr/528>.

⁹⁷ Vef. „Málþing Lögfræðingafélags Íslands“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/372>>.

Þá sagði Davíð ekki væri hægt að bera á móti því að landamæraeftirlit á Íslandi hefði veikt við aðildina að Schengen-samstarfinu en að niðurstaða íslenskra stjórnvalda hafi engu að síður orðið:

sú – einkum af tryggð við grannríkin annars staðar á Norðurlöndum og svonefnt norrænt vegabréfasamband – að flytja eftirlit með landamærum okkar frá Keflavík alla leið til Mílanó, Madrid og Mykonos, svo dæmi séu tekin, svo traustvekjandi sem það kann annars að þykja, og leggja í staðinn traust okkar og trúnað á sameiginlega gagnabanka Schengen-samstarfsins. Það er út af fyrir sig ekkert launungarmál að ákvörðun um aðild að Schengen-samstarfinu var eingöngu tekin af einni pólitískri ástæðu, þ.e. til að viðhalda þeirri skipan, sem komið var á með norræna vegabréfasambandinu fyrir meira en 40 árum ...⁹⁸

Davíð ræddi enn fremur áhrif aðildarinnar að Schengen-samstarfinu á fullveldi Íslands og annarra aðildarríkja þess. Í gagnabönkum samstarfsins væri m.a. haldin skrá yfir svokallaða óæskilega útlendinga frá þriðju ríkjum sem hvert aðildarríki þess sæi um að skrá í samræmi við eigin reglur þar um. Slíkar reglur gætu hins vegar auðveldlega verið mismunandi eftir ríkjum sem gæti m.a. leitt til þess að stjórnvöld eða dómstóll í einu ríki gæti tekið ákvörðun um að vísa manni út af svæðinu fyrir sakir sem ekki þættu alvarlegar í öðru. Þannig gæti eitt ríki komið í veg fyrir að annað gæti tekið ákvörðun í krafti fullveldis síns út frá eigin lögum og reglum. Sagði Davíð þetta mikið umhugsunarefni.⁹⁹

Eðlilega hlýtur sú spurning að vakna hvort það hafi verið réttlætjanlegt að veikja landamæraeftirlit á Íslandi í þeim tilgangi einum að viðhalda norræna vegabréfasamstarfinu. Það markmið hlýtur að hafa vegið mjög þungt að mati ríkisstjórnarinnar ef það er rétt að ákvörðun um þátttöku í Schengen-samstarfinu hafi eingöngu byggst á þeirri ástæðu, a.m.k. pólitískt. Það verður ekki séð á ræðu Davíðs að hann hafi sjálfur verið mjög spenntur fyrir þátttöku í þessu samstarfi. Í það minnsta er ljóst að hann hefur haft djúpstæðar efasemdir um það. Enn fremur er ljóst að efasemdir um Schengen-samstarfið voru ekki bundnar við Davíð innan Sjálfstæðisflokksins og voru þannig t.a.m. nokkrir þingmenn flokksins andsnúnir þátttöku í því. Hvorki sú

⁹⁸ Vef. „Málþing Lögfræðingafélags Íslands“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/372>>.

⁹⁹ Vef. „Málþing Lögfræðingafélags Íslands“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/372>>.

andstaða né efasemdir Davíðs munu þó hafa leitt til hindrana í afgreiðslu málsins í ríkisstjórn og á Alþingi.¹⁰⁰

Halldór Ásgrímsson var á talsvert annarri skoðun hvað Schengen-aðildina varðaði en Davíð en afstöðu hans til málsins má m.a. sjá í grein sem birtist í dagblaðinu *Degi* 18. nóvember 1997. Þar var Halldóri tíðrætt um þann ávinning sem Íslendingar hefðu af því að gerast aðilar að samstarfinu. Nefndi hann þar m.a. varðveislu norræna vegabréfasamstarfsins, aukið eftirlit vegna aðgangsins að sameiginlegum gagnagrunnum samstarfsins auk þess sem straumur ferðamanna til landsins ætti eftir að aukast. Ef Ísland stæði utan Schengen-samstarfsins myndi það veikja samstarf Norðurlandanna en innan samstarfsins yrðu hins vegar pólitísk áhrif Íslendinga mikil.¹⁰¹ Hliðstæðar áherslur voru uppi hjá Halldóri tæpum fjórum árum síðar um það leyti sem aðildin að Schengen var að taka gildi.¹⁰²

Það vekur annars athygli að þeir sjálfstæðismenn sem gegndu embætti dómismálaráðherra í valdatíð Davíðs Oddssonar og síðar, því embætti sem bar ábyrgð á Schengen-málinu, hafa verið miklir talsmenn Schengen-aðildarinnar, t.a.m. Þorsteinn Pálsson og síðar Björn Bjarnason. Töldu þeir báðir kosti þess samstarfs taka fram göllunum. Þannig má nefna að í samtali við Baldur Þórhallsson, stjórnfræðiprófessor, í mars 2007 sagði Þorsteinn að honum hefði strax þótt eðlilegt að Íslendingar tækju þátt í Schengen-samstarfinu vegna þess að það væri í samræmi við stefnu Sjálfstæðisflokksins um þátttöku í alþjóðlegu samstarfi, eðlilegt hafi verið að fylgja hinum Norðurlöndunum og það væri til þess fallið að efla mjög mikilvægt lögreglusamstarf á þessum vettvangi.¹⁰³ Hliðstæðar áherslur voru uppi hjá Birni Bjarnasyni en að hans mati réðu tvö megin sjónarmið því að íslensk stjórnvöld tóku ákvörðun um að taka þátt í Schengen-samstarfinu, vegarbréfasamstarfið við hin Norðurlöndin og þátttaka Íslands í alþjóðlegu lögreglusamstarfi.¹⁰⁴

¹⁰⁰ Baldur Þórhallsson: „Stefnumótun, átök og afleiðingar. bls. 100.

¹⁰¹ Vef. „Ávinningur af Schengen - Grein birt í dagblaðinu *Degi*“.
<<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/raedurHA/nr/434>>.

¹⁰² „Einstakt tækifæri til að hafa áhrif á stefnu ESB“. *Morgunblaðið* 22. mars, 2001. bls. 80.

¹⁰³ Baldur Þórhallsson: „Stefnumótun, átök og afleiðingar. bls. 98-99.

¹⁰⁴ Björn Bjarnason: *Hvað er Íslandi fyrir bestu?* bls. 65-66.

6. Þriðja ríkisstjórnarsamstarfið við framsóknarmenn

Formaður Samfylkingarinnar, Össur Skarphéðinsson, lýsti því yfir á árinu 2002 að hann hygðist beita sér fyrir því að flokkur hans setti inngöngu í Evrópusambandið á dagskrá fyrir alþingiskosningarnar sem fram færu vorið eftir. Um haustið var boðað til póstkosningar á meðal félagsmanna Samfylkingarinnar þar sem spurt var að því hvort vilji væri fyrir því að flokkurinn setti sér þá stefnu að sótt yrði um inngöngu í Evrópusambandið. Þátttaka reyndist dræm en af þeim sem tóku þátt studdi eftir sem áður mikill meirihluti að stefnt skyldi að slíkri umsókn.¹⁰⁵

Í viðtali við *Morgunblaðið* 23. júní 2002 sagðist Davíð Oddson ekki hafa trú á að Íslendingar hefðu áhuga á að gera inngöngu í Evrópusambandið að kosningamáli. Sjálfsagt ættu einhverjir eftir að reyna að stuðla að því en hann teldi sjálfur að mörg önnur mál væri brýnna að ræða en Evrópumálin. „Ég hef þó ekkert á móti því að menn reyni að fara fram með þetta mál sem kosningamál. Ég þykist skynja lífið í landinu það vel, að þeir sem hafi ekki brýnni mál að ræða við fólkið en Evrópusambandið muni ekki lengi halda uppi samræðum.“¹⁰⁶ Í byrjun árs 2003 voru birtar niðurstöður skoðanakannana sem bentu til þess að afstaða Íslendinga til inngöngu í Evrópusambandið hefði algerlega snúist við. Í kjölfar þess lýsti Össur Skarphéðinsson því yfir að ekki yrði af því að flokkur hans legði áherslu á umsókn um slíka inngöngu fyrir þingkosningarnar og varð úr að Evrópumálin urðu ekki að kosningamáli.¹⁰⁷

Að kosningunum vorið 2003 afstöðnum var ákveðið að halda ríkisstjórnarsamstarfi Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins áfram. Sjálfstæðismenn töpuðu hins vegar nokkru fylgi á meðan framsóknarmenn héldu sínu. Halldór Ásgrímsson setti af þeim sökum fram þá kröfu að fá forsætisráðineytið í nýrri ríkisstjórn og var að lokum samkomulag um að Framsóknarflokkurinn tæki við því á miðju kjörtímabili. Stefna nýrrar ríkisstjórnar var sem fyrr stutt og skorinort: „Samskiptin við Evrópusambandið verði áfram treyst á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og annarra samninga sem Ísland á aðild að. Fylgst verði grannt með samrunaferlinu í Evrópu og áhrifum þess á íslenska hagsmuni.“¹⁰⁸

¹⁰⁵ Ragnar Arnalds: „Póstkosningin og ánægjuandvarp Össurar“. bls. 27.

¹⁰⁶ „Ólíkar áherslur hafa ekki úrslitaáhrif á stjórnarsamstarfið“. *Morgunblaðið* 23. júní, 2002. bls. 10-11.

¹⁰⁷ Baldur Þórhallsson: „Stefnumótun, átök og afleiðingar. bls.106. Einnig: *Vef. „- Nýr tónn Samfylkingarinnar“*. <http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=715225>.

¹⁰⁸ *Vef. „Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar“*. <<http://www.forsætisraduneyti.is/frettir/nr/445>>.

Evrópusambandið stækkar

Tíu ný ríki í Austur- og Suður-Evrópu gengu formlega í Evrópusambandið 1. janúar 2004. Um var að ræða stærstu einstöku stækkun sambandsins frá upphafi. Í flestum tilfellum var um að ræða ríki sem áður höfðu verið austanmegin við járnjaldið á dögum kalda stríðsins og undir hæl Sovétríkjanna. Þessi stækkun Evrópusambandsins til austur og suðurs hafði verið í undirbúningi árin á undan með tilheyrandi samningaviðræðum og þjóðaratkvæðagreiðslum.

Ljóst er af ræðum Davíðs Oddssonar að hann var frá upphafi mjög jákvæður gagnvart því að þessi ríki gengju í Evrópusambandið og taldi það framfaraskref fyrir þau og eins fyrir hagsmuni Íslendinga. Það sjónarmið kom fram talsvert áður en formlega varð af stækkun sambandsins. Þannig sagði hann í ávarpi í kvöldverði með utanríkisráðherrum Eystrasaltsríkjanna 25. ágúst árið 2001 að hugsjónin að baki Evrópusambandsins væri göfug og að sambandið hefði verið Evrópu til framdráttar og stækkun þess til austurs væri „afar mikilvæg fyrir velferð og stöðugleika á meginlandinu. Aðild Eystrasaltsríkjanna og annarra umsóknarríkja er brýn af efnahagslegum og pólitískum ástæðum, vegna þeirra fyrirheita sem ESB hefur gefið þessum ríkjum og vegna þess sem þjóðir þeirra hafa þegar lagt á sig til að umbryta [sic] þjóðarbúskapnum og undirbúa aðild að öðru leyti.“¹⁰⁹

Davíð sagði enn fremur að því yrði að treysta að Evrópusambandið stæði við áætlanir sínar og að stækkun þess gengi hratt fyrir sig næstu árin. Stækkunin þýddi m.a. að Eystrasaltsríki, Eistland, Lettland og Litháen, fengju aðgang að innri markaði sambandsins og yrðu þar með félagar Íslendinga á Evrópska efnahagssvæðinu og því bæri að fagna. Í kjölfar þess væri þess að vænta að tvíhliða samskipti við þessi ríki færdust í aukana frekar en orðið værir.¹¹⁰ Davíð kom einnig lítillega inn á stækkun Evrópusambandsins í stefnuræðu sinni á Alþingi um haustið og sagði þá að tryggja yrði að stækkunin skaðaði ekki viðskiptahagsmuni Íslendinga gagnvart hinum nýju ríkjum sambandsins.¹¹¹

¹⁰⁹ Vef. „Utanríkisráðherrar Eystrasaltslandanna“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/348>>.

¹¹⁰ Vef. „Utanríkisráðherrar Eystrasaltslandanna“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/348>>.

¹¹¹ Vef. „Stefnuræða forsætisráðherra 2001“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/791>>.

Fyrirhuguð stækkun Evrópusambandsins var Davíð enn að yrkisefni í ræðu á Viðskiptaþingi 12. febrúar 2002 þar sem hann sagði m.a. að stækkunin kallaði á ákveðna hagsmunagæslu af hálfu Íslendinga. Þannig yrði m.a. að tryggja hagsmuni Íslands vegna samninga sem áður hefðu verið gerðir við þessi ríki, m.a. um fríverslun. Þá væri nauðsynlegt fyrir Íslendinga að vera á verði gagnvart öllum þeim breytingum sem kynnu að verða á vettvangi Evrópusambandsins.¹¹² Sama var uppi á teningnum síðar á árinu í stefnuræðu Davíð á Alþingi haustið eftir þar sem hann sagði að íslensk stjórnvöld hefðu fylgst náið með stækkun sambandsins og hefðu stutt hana eindregið, bæði vegna EES-samningsins en „ekki síður vegna þess hve mikilvæg stækkun Evrópusambandsins er fyrir frið og velferð í Evrópu allri.“¹¹³

Framtíðarþróun ESB

Evrópusambandið er fyrirbæri sem hefur verið í stöðugri þróun þá áratugi sem sambandið og forverar þess hafa verið til. Þá ekki aðeins með tilliti til fjölgunar þeirra ríkja sem mynda það heldur hefur vaxandi samruni á sífellt fleiri sviðum einkennt þróun þess til þessa. Um árabíl hafa ýmsir verið þeirrar skoðunar að Evrópusambandið ætti ekki langt eftir í að verða að einhvers konar sambandsríki. Efasemdarmenn um Evrópusamrunann á Íslandi hafa þar verið engin undantekning.

Í ræðu sinni á Viðskiptaþingi árið 2000 ítrekaði Davíð Oddsson það sem hann hafði áður sagt að ekki væri hægt að útiloka um alla framtíð að til þess gæti komið að Ísland gengi í Evrópusambandið. Sérstaklega ekki ef sambandið þróaðist yfir í að verða að opnu og nánu viðskiptabandalagi í stað pólitísks sambandsríkis. Hins vegar væri ekkert sem þrýsti á Íslendinga að láta verða af slíkri inngöngu enda stefndi Evrópusambandið í þveröfugar áttir við það sem hentaði íslenskum hagsmunum. Þannig sagði Davíð að embættismannakerfi sambandsins yrði sífellt fyrirferðameira, sem og regluverk, sem ekki tengdist viðskiptum og innri markaði þess. Pólitísk afskipti Evrópusambandsins yrðu stöðugt víðfeðmari af málum sem áður hefðu verið á könnu ríkja sambandsins og nefndi sem dæmi skatta- og velferðarmál. „Smærri ríki

¹¹² Vef. „Viðskiptaþing Verslunarráðs Íslands 2002“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/362>>.

¹¹³ Vef. „Stefnuræða forsætisráðherra 2002“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/371>>.

sambandsins hafa sífelld minni áhrif á sín mál og manna færri lykilstöður á vegum þess.¹¹⁴

Í áramótagrein sinni í *Morgunblaðinu* 30. desember 2001 minntist Davíð þess að hann hefði árið 1995 vakið athygli á því að ef Ísland gengi í Evrópusambandið og það þróaðist í þær átti sem ákøfustu fylgismenn þess vildu myndi Alþingi Íslendinga hafa hliðstæð völd og áhrif og þegar það var gert að ráðgjafarþingi árið 1845. Af því tilefni hefði Sigurður Línadal, lagaprófessor, sagt að sennilega yrðu völd Alþingis þó enn minni en ráðgjafarþingið hefði haft. Sagði Davíð að á þeim tíma sem liðinn væri síðan þá hefði þróunin verið hraðari í átt til sambandsríkis en nokkurn hefði grunað fyrirfram.¹¹⁵

Nú síðast lýsti forsætisráðherra Belga, sem er í forsæti Evrópusambandsins, því yfir, að forseta Evrópu ætti að kjósa í beinni kosningu, sambandinu ætti að setja eina stjórnarskrá æðri stjórnarskrám einstakra ríkja og utanríkismál, fjármál, skattamál, atvinnumál og dómsmál ættu að ráðast á hinum sameiginlega vettvangi í Brussel.¹¹⁶

Davíð sagði ennfremur í áramótagrein sinni að síðustu árin hefði þróunin einungis verið í þessa áttina en engin skref verið tekin í gagnstæða átt þrátt fyrir loforð um annað frá ýmsum forystumönnum Evrópusambandsins. Þá sagði hann að þó það væri fullkomlega eðlilegt að hér á landi væru ýmsir sem vildu skoða inngöngu í sambandið væri athyglisvert að þróun þess virtist ekki skipta þá neinu máli. Þeir virtust vilja ganga í Evrópusambandið alls óháð því hvers konar fyrirbæri það væri að verða.¹¹⁷ Tilefni þessara ummæla Davíðs var ekki ósennilega svonefnd Laeken-ráðstefna sem fram fór á vegum Evrópusambandsins í desember 2001 þar sem rætt var um framtíðarþróun sambandsins. Ráðstefnan var upphaf þess ferlis sem leiddi til þess að sérstök stjórnarskrá var samin fyrir Evrópusambandið sem síðar var breytt í svonefndan Lissabon-sáttmála og tók að lokum gildi 1. desember 2009. Ýmsir

¹¹⁴ Vef. „Viðskiptaþing Verslunarráðs Íslands 2000“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/332>>.

¹¹⁵ Vef. „Áramótagrein í Morgunblaðinu 2001“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/359>>.

¹¹⁶ Vef. „Áramótagrein í Morgunblaðinu 2001“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/359>>.

¹¹⁷ Vef. „Áramótagrein í Morgunblaðinu 2001“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/359>>.

voru þeirrar skoðunar að stjórnarskráin og síðar Lissabon-sáttmálinn fæli í sér stórt skref í þá átt að breyta Evrópusambandinu í eitt ríki og færi jafnvel alla leið í þeim efnum.

Í ræðu sem Davíð flutti hjá American Enterprise Institute í Washington 14. júní 2004 kom hann sömuleiðis inn á það hvert Evrópusambandið væri að þróast. Sagði hann sterka tilhneigingu vera til staðar þar á bæ í átt til miðstýringar og samruna og að sambandið virtist vera að verða að einhvers konar sambandsríki. Sagði hann tilkomu evrunnar hafa að hans mati verið stærsta hvatann að því. Þá sagði hann að þetta væri hugsanlega jafn mikil ástæða til þess að standa utan Evrópusambandsins og sjávarútvegshagsmunir Íslendinga.¹¹⁸

7. Formannsskipti 2005

Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins haustið 2005 steig Davíð Oddsson af sviðinu sem formaður flokksins og í hans stað var Geir H. Haarde, fjármálaráðherra, kjörinn formaður en hann hafði verið varaformaður síðan árið 1998. Í kjölfarið tók Geir við af Davíð sem utanríkisráðherra. Ýmsir töldu að með nýjum formanni kæmu m.a. fram nýjar áherslur hjá Sjálfstæðisflokknum í Evrópumálum og flokkurinn myndi verða opnari fyrir inngöngu í Evrópusambandið. Vætanlega hefur þá verið gengið út frá því sem gefnu að andstaða flokksins við inngöngu í sambandið hafi fram að því byggst fyrst og fremst og jafnvel eingöngu á persónu Davíðs.

Í ræðu á Alþingi 17. nóvember flutti Geir sína fyrstu og einu skýrslu um utanríkismál sem utanríkisráðherra. Í þeim hluta ræðunnar sem fjallaði um Evrópumál lagði Geir áherslu á sterka stöðu EES-samningsins og að ekki væri að vænta annars en að staða hans yrði sterk áfram.¹¹⁹ Skömmu síðar eða í febrúar 2006 flutti Geir ávarp hjá Utrikespolitiska Institutet í Svíþjóð þar sem hann sagði m.a. að samningurinn hefði skilað sér afar vel og fyrir vikið teldi hann enga ástæðu fyrir Ísland til þess að sækjast

¹¹⁸ Vef. „Iceland’s Economic Performance“. <<http://eng.forsaetisraduneyti.is/minister/speeches-and-articles/nr/1391>>.

¹¹⁹ Vef. „Ræða Geirs H. Haarde, utanríkisráðherra, um utanríkismál“. <<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/RaedurGHH/nr/2878>>. „One can indeed be a good European without being a member of the EU.“

eftir inngöngu í Evrópusambandið. Þá bætti hann við að það væri svo sannarlega hægt að vera „góður Evrópubúi án þess að vera meðlimur í Evrópusambandinu.“¹²⁰

Geir kom enn inn á spurninguna hvort Ísland ætti að ganga í Evrópusambandið eða ekki í ræðu sem hann flutti hjá Gesellschaft für Auswärtige Politik í Berlín þann 29. mars. Sagðist hann af því tilefni vita til þess að í Þýskalandi léki nokkur forvitni á að vita hvort Íslendingar hefðu áform um að ganga í sambandið:

Við fylgjumst mjög náið með þróuninni innan Evrópusambandsins – sambandið er einu sinni langstærsti viðskiptaaðili okkar og sumir af nánustu bandamönnum okkar eru það [sic] meðlimir. Við óskum Evrópusambandinu hins besta og viljum sjá það ná árangri í athöfnum sínum. [...] Hins vegar eru engar brýnar ástæður fyrir því að Ísland gangi í sambandið, ákveðin atriði eins og sameiginleg sjávarútvegsstefna þess gera inngöngu í það miklum vandkvæðum bundna.¹²¹

Líkt og Davíð hafði Geir að sama skapi ýmislegt við evruna að athuga með tilliti til efnahagsmála á Íslandi. Í ræðunni í Berlín benti hann á að ólíkar aðstæður í efnahagslífi Íslands og á evrusvæðinu hefðu meiriháttar hindranir í för með sér. Þannig væru íslenska hagsveiflan ekki í takt við stærstu hagkerfin á evrusvæðinu. Gengi evrunnar og vaxtastefna Seðlabanka Evrópusambandsins stjórnúðust sömuleiðis af aðstæðum í þessum hagkerfum en myndu seint stjórna af aðstæðum á Íslandi. Þá væri íslenska hagkerfið oftar en ekki út takti við þau. Þarfir Íslands í þessu sambandi væru því allt aðrar en stærstu evruríkjanna og þá ekki síst þegar kæmi að stýrivöxtum.¹²²

Geir fjallaði sérstaklega um sjávarútvegsmálin og Evrópusambandið á landsfundi Landssambands íslenskra útvegsmanna í október 2006, þá orðinn forsætisráðherra. Sagði hann af því tilefni að þrátt fyrir að Íslendingar ættu að mörgu leyti samleið með nágrannaþjóðum okkar í Evrópusambandinu skildi hafdjúp á milli þegar sjávarútvegurinn væri annars staðar. Hér á landi væru boðleiðir stuttar á milli

¹²⁰ Vef. „Iceland between Europe and the United States“.

<<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/RaedurGHH/nr/2964>>.

¹²¹ Vef. „Icelandic Foreign Policy in a Changing World“.

<<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/RaedurGHH/nr/3013>>. „We follow developments within the EU very closely – after all the EU is by far our biggest trading partner, and some of our closest friends are members. We wish the EU well and want to see it succeed in its endeavours. [...] However, there are no pressing reasons for Iceland to join the Union; indeed, there are certain matters, such as the EU’s common fisheries policy, which would make joining very problematic.“

¹²² Vef. „Icelandic Foreign Policy in a Changing World“.

<<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/RaedurGHH/nr/3013>>.

stjórnvalda og sjávarútvegarins en innan sambandsins væri um að ræða flókið kerfi sem að auki væri ógagnsætt. Þá væri íslenskur sjávarútvegur sjálfbær á sama tíma og sjávarútvegur Evrópusambandsins fengi háa styrki frá sambandinu.¹²³

Í mars 2007 lauk störfum sérstök nefnd sem Davíð Oddsson hafði skipað haustið 2004 til þess að fara yfir Evrópumálin. Í nefndinni sátu fulltrúar allra stjórnsmálaflokka sem sætu áttu á Alþingi en formaður hennar var Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra. Auk Björns sat Einar K. Guðfinnsson, alþingismaður og síðar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í nefndinni. Störfum hennar lauk með útgáfu ítarlegrar skýrslu um tengsl Íslands við Evrópusambandið, hvernig þeim væri háttað og hvernig líklegt væri að staða landsins yrði ef gengið yrði í sambandið.¹²⁴ Þeir Björn og Einar skiluðu álit í tvennu lagi, annars vegar í samfloti með fulltrúum Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í nefndinni og hins vegar einir sér. Í sameiginlega álitinu var lögð áhersla á fullveldi þjóðarinnar, yfirráðin yfir auðlindum Íslandsmiða og frelsið til þess að gera sjálfstæða milliríkjasamninga við önnur ríki og komist að þeirri niðurstöðu að slíkt væri ósamrýmanlegt inngöngu í Evrópusambandið. Í séráliti fulltrúa Sjálfstæðisflokksins var hins vegar rætt um góða reynslu af EES-samningnum og dregin sú ályktun „að tvíhliða samningur Íslands og Evrópusambandsins á öðrum grunni en EES-samningnum komi ekki til álit.“¹²⁵ Gera má ráð fyrir að niðurstaða fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í Evrópunefndinni, bæði sérálit þeirra sem og sameiginlega álit með fulltrúum vinstri-grænna, hafi verið borin undir forystu og jafnvel þingflokk flokksins áður en hún hafi verið birt í skýrslu nefndarinnar.

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins fór fram nokkru síðar og var efnislega samþykkt óbreytt stefna frá því sem verið hafði allar götur síðan 1996 og kristallaðist hún í setningunni: „Sjálfstæðisflokkurinn telur aðild að ESB ekki þjóna hagsmunum íslensku þjóðarinnar eins og málum er háttað.“¹²⁶ Vafalaust hefur sú niðurstaða komið einhverjum á óvart sem vonast höfðu til þess að brotthvarf Davíðs Oddssonar úr stóli formanns flokksins leiddi til stefnubreytingar hans í Evrópumálum, a.m.k. að einhverju leyti. Sú var hins vegar ekki raunin sem renndi stoðum undir það að stefna

¹²³ Vef. „Ræða Geirs H. Haarde á aðalfundi LÍÚ“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedurGHH/nr/2407>>.

¹²⁴ *Tengsl Íslands og Evrópusambandsins*. bls. 7-8.

¹²⁵ *Tengsl Íslands og Evrópusambandsins*. bls. 124-125.

¹²⁶ Vef. „Ályktun um utanríkismál“. <http://www.xd.is/?action=landsfundur_nanar&id=603>.

Sjálfstæðisflokksins gagnvart málaflokknum til þessa hefði ekki byggst á persónu Davíðs. Á landsfundinum var Geir H. Haarde endurkjörinn sem formaður flokksins og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sem varaformaður en hún hafði tekið við því embætti þegar Geir var fyrst kjörinn formaður í kjölfar þess að Davíð lét af formennsku á landsfundinum 2005.

Það er því ljóst af þessu að ekki var fyrir að fara breyttum áherslum í Evrópumálum þrátt fyrir að nýr formaður kæmi að Sjálfstæðisflokknum. Sjálfsagt hefur óskhyggja gjarnan ráðið för fremur en staðreyndir þegar rætt var um að slíkar breytingar yrðu raunin. Er skemmst frá því að segja að í grundvallaratriðum breyttust hvorki áherslur Geirs né Sjálfstæðisflokksins frá því verið hafði.

Ríkisstjórn með Samfylkingunni

Geir Haarde tók við embætti forsætisráðherra sumarið 2006 þegar Halldór Ásgrímsson kaus að hverfa af vettvangi stjórnmalanna. Þetta fyrsta ráðuneyti Geirs sat fram að alþingiskosningunum vorið 2007 en að þeim loknum var ákveðið að endurnýja ekki ríkisstjórnarsamstarfið við framsóknarmenn og taka þess í stað upp samstarf við Samfylkinguna undir forystu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur sem tók við embætti utanríkisráðherra. Nokkuð annars tóns gætti í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar þegar kom að Evrópumálum en verið hafði í tíð fyrri ríkisstjórna. Undir yfirskriftinni „Opinská umræða um Evrópumál“ var rætt um stofnun nýrrar nefndar fulltrúa þeirra stjórnmalaflokka sem sæti ættu á þingi um málaflokkinn sem ætlað var varanlegt eftirlitshlutverk með þróun Evrópusambandsins.¹²⁷ Skiptar skoðanir munu hafa verið á þýðingu þessarar stefnu og sáu sumir í henni meiri opnun en áður á hugsanlega inngöngu í sambandið á meðan aðrir litu svo á að Samfylkingin hefði með þessu samþykkt að slík innganga yrði sett á ís enn eina ferðina.

Innganga í Evrópusambandið varð þannig fyrst um sinn ekki á dagskrá stjórnvalda frekar en áður og ráðherrar og þingmenn Samfylkingarinnar héldu að mestu að sér höndum varðandi það mál. Þannig minntist Ingibjörg Sólrún ekki einu orði á

¹²⁷ Vef. „Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar 2007“.
<<http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/2643>>.

Evrópusambandið í fyrstu skýrslu sinni um utanríkismál á Alþingi í nóvember 2007.¹²⁸ Í ræðu sem hún flutti í lok janúar árið eftir um stöðu Íslands á innri markaði sambandsins lét hún nægja að hrósa EES-samningnum og kalla eftir því að ítarleg athugun færi fram á stöðu Íslands gagnvart gagnvart málaflokknum ekki síst með tilliti til peningamála.¹²⁹ Það voru helst Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra, og Árni Páll Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, sem höfðu sig eitthvað í frammi í Evrópumálunum og töluðu fyrir því að sækja þyrfti um inngöngu í Evrópusambandið¹³⁰ Ekki er þó ósennilegt að tilgangurinn með því hafi fyrst og fremst verið sá að friða bakland flokksins frekar en að ögra samstarfsflokknum. En hver sem tilgangurinn var er ljóst að öll slík ummæli voru ekki líkleg til þess að falla í góðan jarðveg hjá sjálfstæðismönnum.

Í ávarpi á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins 18. apríl 2008 lagði Geir H. Haarde áherslu á að sjálfstæð staða Íslands á alþjóðavettvangi hefði reynst Íslendingum vel og að í því sambandi skipti sköpum aðildin að Evrópska efnahagssvæðinu. Sagði hann „óskiljanlegt að um aðild okkar að þessu mikilvæga samstarfi skuli hafa skapast mestu pólitísku deilur síðari tíma í íslenskum stjórnámum.“¹³¹ Geir kom ennfremur inn á umræðu sem þá hafði verið í gangi um einhliða upptöku evru í stað íslensku krónunnar og sagði alveg ljóst af samtölum sínum við ráðamenn í Evrópusambandinu að evra yrði ekki tekin upp á Íslandi nema að fyrst yrði gengið í sambandið. Hann vísaði að sama skapi á bug hugmyndum sem komið höfðu fram um einhliða upptöku annarra gjaldmiðla og sagði slíkt ekki koma til álita að hans mati. „Við erum ein þróaðasta og ríkasta þjóð í heimi og slíkar þjóðir taka ekki einhliða upp mynt annarrar þjóðar.“¹³²

Geir sagði aðeins tvo kosti í stöðunni, að standa áfram utan Evrópusambandsins og nota krónuna eða ganga í Evrópusambandið. Báðar leiðir hefðu kosti og galla en sjálfur teldi hann síðari kostinn mun lakari enda fæli hann m.a. í sér að Íslendingar myndu „missa sjálfsforræði í gerð fríverslunarsamninga, við myndum missa forræði í peningamálastjórn sem myndi þýða stóraukið álag á ríkisfjármálastefnuna og auknar

¹²⁸ Vef. „Ræða Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, utanríkisráðherra, um utanríkismál“.
<<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/raedurISG/nr/3960>>.

¹²⁹ Vef. „Ísland á innri markaði Evrópu“.
<<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/raedurISG/nr/4080>>.

¹³⁰ Sjá t.d.: Vef. „Eina leiðin að sækja um ESB-aðild“.
<http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2008/02/19/eina_leidin_ad_saekja_um_esb>.

¹³¹ Vef. „Ávarp forsætisráðherra á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins“.
<<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedurGHH/nr/2915>>.

¹³² Vef. „Ávarp forsætisráðherra á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins“.
<<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedurGHH/nr/2915>>.

sveiflur í atvinnuleysi og á vinnumarkaði. Byrðin fyrir okkar litlu stjórnsýslu yrði meiri en margan grunar. Hef ég þá ekki einu sinni minnst á fiskveiðistjórnunarmálin en vandkvæðin sem fylgja aðild að Evrópusambandinu í þeim efnum eru vel þekkt.“¹³³

Bankahrunið

Þegar líða tók á árið 2008 höfðu horfur fyrir íslenskt efnahagslíf versnað mjög og áhyggjur af því aukist. Svo fór að lokum að þrjár stærstu bankar Íslands féllu í byrjun október 2008. Í kjölfarið urðu þær raddir hærri en áður sem kröfðust þess að sótt yrði um inngöngu í Evrópusambandið, þá einkum í þeim tilgangi að geta tekið upp evruna, ekki síst hjá aðilum innan Samfylkingarinnar en einnig í röðum sjálfstæðismanna og má þar einkum nefna varaformann Sjálfstæðisflokksins, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, sem hafði áður kallað eftir því að opnað yrði á inngöngu í Evrópusambandið. Sagði hún að nauðsynlegt væri að taka afstöðu til þess hvort hagsmunum Íslands væri betur borgið innan Evrópusambandsins í ljósi breyttra aðstæðna og þá einkum með tilliti til peningamála.¹³⁴ Að lokum kom fram hrein krafa frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur um að Sjálfstæðisflokkurinn breytti stefnu sinni í Evrópumálum ætti ríkisstjórnarsamstarfið að halda áfram. Sagði hún m.a. í samtali við Ríkisútvarpið 13. desember 2008 að ef ekki yrði sótt um inngöngu í Evrópusambandið í byrjun árs 2009 þýddi það að endalok samstarfsins. Vöktu þessi ummæli hörð viðbrögð innan Sjálfstæðisflokksins og var litið á þau sem hótun og tilraun til þess að hafa áhrif á landsfundarfulltrúa flokksins.¹³⁵

Geir H. Haarde hafði brugðist við þrýstingi frá forystu Samfylkingarinnar og fleirum, s.s. aðilum í atvinnulífinu, með því að leggja fyrir miðstjórn Sjálfstæðisflokksins að landsfundi flokksins yrði flýtt og hann haldinn í janúar 2009 þar sem horft yrði sérstaklega til Evrópumálanna. Í framhaldi af því var sett á laggirnar sérstök Evrópunefnd innan flokksins sem skoða átti málaflokkinn ofan í kjölinn. Í áramótagrein í *Morgunblaðinu* 31. desember 2008 ræddi Geir um breyttar aðstæður sem kölluðu á

¹³³ Vef. „Ávarp forsætisráðherra á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedurGHH/nr/2915>>.

¹³⁴ Vef. „Þorgerður: Taka þarf afstöðu til ESB og evru“. <http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2008/10/28/thorgerdur_taka_tharf_afstodu_til_esb_og_evru>. Einnig: Vef. „Vill sækja um ESB-aðild“. <http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2009/05/28/vill_saekja_um_esb_adild>.

¹³⁵ Björn Bjarnason: „Pólítískir umbrotatímar“. bls. 6. Einnig: Vef. „Ríkisstjórnin verður að svara kalli um breytingar“. <http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2008/12/13/riksstjornin_verdur_ad_svara_kalli_um_breytingar>.

endurskoðun á stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna um leið og hann ítrekaði sem fyrr góða reynslu Íslendinga af EES-samningnum. Af þeim ástæðum hefði starf Evrópunefndarinnar verið sett af stað. „Evrópunefndin mun leggja tillögur sínar fyrir landsfund Sjálfstæðisflokksins í lok janúar á nýju ári. Endanlegt vald í þessum efnunum er í höndum landsfundar og hvorki ég né aðrir segja landsfundi Sjálfstæðisflokksins fyrir verkum.“¹³⁶ Þeim orðum sínum að enginn segði landsfundi flokksins fyrir verkum var Geir augljóslega að beina að forystu Samfylkingarinnar. Sagðist hann binda miklar vonir við starf nefndarinnar og að mestu skipti að hans mati „að yfirráð okkar yfir auðlindum til lands og sjávar séu tryggð. ESB hefur fram til þessa ekki ljáð máls á varanlegum undanþágum frá sameiginlegri sjávarútvegsstefnu sinni. Verði breyting á þeirri afstöðu yrði stórri hindrun úr vegi rutt fyrir aðild Íslands að sambandinu.“¹³⁷ Hugsanlega hefur Geir séð eftirgjöf í Evrópusambandsmálinu m.a. sem leið til þess að fá fólk til þess að horfa fram á við í stað þess að hugsa um bankahrunið og aðdraganda þess auk þess að reyna að bjarga ríkisstjórnarsamstarfinu eða í það minnsta fresta þingkosningum þar til umræðan róaðist og minni líkur yrðu á slæmri útkomu Sjálfstæðisflokksins. Svo fór þó að lokum að Samfylkingin sleit ríkisstjórnarsamstarfinu í lok janúar 2009 áður en landsfundur Sjálfstæðisflokksins fór fram og var honum í kjölfarið frestað fram í mars jafnframt því sem Geir lýsti því yfir að hann hygðist ekki óska eftir endurkjöri sem formaður. Samfylkingin myndaði í framhaldinu minnihlutastjórn með Vinstrihreyfingunni – grænu framboði sem varin var af Framsóknarflokknum.¹³⁸

Margir töldu vafalaust að Sjálfstæðisflokkurinn ætti eftir að breyta stefnu sinni í Evrópumálum í kjölfar þessara atburða, hætta einarðri andstöðu sinni við inngöngu í Evrópusambandið og jafnvel taka stefnuna á inngöngu í sambandið. Ljóst er að ýmsir í forystusveit flokksins urðu veikari í andstöðu sinni en áður, a.m.k. fyrst eftir bankahrunið. Auk Geir sjálfs¹³⁹ má þar t.a.m. nefna þingmennina Illuga Gunnarsson og Bjarna Benediktsson, en margir sáu þann síðarnefnda sem framtíðarleiðtoga

¹³⁶ Vef. „Við áramót - Áramótagrein í Morgunblaðið 2008“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedurGHH/nr/3300>>.

¹³⁷ Vef. „Við áramót - Áramótagrein í Morgunblaðið 2008“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedurGHH/nr/3300>>.

¹³⁸ Björn Bjarnason: „Pólítískir umbrotatímar“. bls. 6-7.

¹³⁹ Vef. „Við áramót - Áramótagrein í Morgunblaðið 2008“. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedurGHH/nr/3300>>. Dæmi um veikari andstöðu Geirs H. Haarde við að sótt yrði um inngöngu í Evrópusambandið er t.d. áramótagrein hans í Morgunblaðinu 31. desember 2008.

sjálfstæðismanna. Þannig rituðu þeir Illugi og Bjarni grein í Fréttablaðinu 13. desember 2008 þar sem m.a. reifuð sú skoðun að hugsanlega væri rétt að sækja um inngöngu í Evrópusambandið og var það einkum byggt á vangaveltum um efnahags- og peningamál. Var þeim tíðrætt um þau vandamál sem fylgdu því að hafa lítinn sjálfstæðan gjaldmiðil einkum með tilliti til gengissveifla.¹⁴⁰ Einnig mætti nefna þingmanninn Guðlaug Þór Þórðarson, en á heimasíðu hans í aðdraganda prófkjörs Sjálfstæðisflokksins fyrir þingkosningarnar vorið 2009 sagði hann að á komandi landsfundi flokksins þyrfti að taka þá ákvörðun „að ákveða að kosið verði um aðild að Evrópusambandinu í kjölfar könnunarviðræðna.“¹⁴¹

Í kjölfar þess að Geir H. Haarde ákvað að hætta sem formaður Sjálfstæðisflokksins lýsti Bjarni yfir framboði sínu til formanns í byrjun árs 2009. Viku fyrir landsfund tilkynnti Kristján Þór Júlíusson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, síðan um mótframboð sitt en Bjarni hafði betur þegar á hólminn var komið. Svo fór að lokum að landsfundurinn ítrekaði fyrri andstöðu við inngöngu í Evrópusambandið í ályktun um Evrópumál en tók um leið fram að ef tekin yrði ákvörðun um það af ríkisstjórn eða Alþingi að sækja um slíka inngöngu vildi Sjálfstæðisflokkurinn að sú ákvörðun yrði lögð í dóm þjóðarinnar áður en lengra yrði haldið.¹⁴² Þá var í ályktun um utanríkismál sérstök áhersla lögð á að flokkurinn teldi það meginmarkmið íslenskrar utanríkistefnu að standa vörð um sjálfstæði og fullveldi íslensku þjóðarinnar.¹⁴³ Samfylkingin kaus að setja Evrópumálin á oddinn fyrir kosningarnar og að þeim loknum hófust stjórnarmyndunarviðræður við Vinstrihreyfinguna – grænt framboð og varð sá málaflokkur hvað erfiðastur viðureignar. Varð að lokum úr samkomulag um að Alþingi yrði látið ákveða hvort sótt yrði um inngöngu í Evrópusambandið eða ekki.¹⁴⁴ Miklar umræður urðu í þinginu á sumarþingi þar sem Sjálfstæðisflokkurinn hélt frammi þeirri stefnu sinni að ef tekin yrði slík ákvörðun yrði haldin sérstök þjóðaratkvæðagreiðsla um hana.¹⁴⁵

¹⁴⁰ Bjarni Benediktsson og Illugi Gunnarsson: „Endurreisn á nýjum grunni.“ *Fréttablaðið* 13. desember, 2008. bls. 32.

¹⁴¹ Vef. „Sjálfstæðisstefnan“.

<<http://www.gudlaugurthor.is/?c=webpage&id=61&lid=51&pid=22&option=links>>.

¹⁴² Vef. „Ályktun um Evrópumál“. <http://www.xd.is/?action=landsfundur_2009_nanar&id=1007>.

¹⁴³ Vef. „Ályktun um utanríkismál“. <http://www.xd.is/?action=landsfundur_2009_nanar&id=917>.

¹⁴⁴ Björn Bjarnason: „ESB-krógi ríkisstjórnarinnar og Sjálfstæðisflokkurinn“. bls. 7.

¹⁴⁵ Björn Bjarnason: „Baugur, ESB, Icesave og þöggunin“. bls. 9.

Að endingu var kosið um umsókn um inngöngu í Evrópusambandið um miðjan júlí á Alþingi og var tillögu sjálfstæðismanna um sérstakt þjóðaratkvæði um þá ákvörðun hafnað en umsóknin hins vegar samþykkt með naumum meirihluta. Allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins utan tvo greiddu atkvæði gegn umsókninni, þær Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sem kaus að sitja hjá, og Ragnheiður Ríkharðsdóttir, sem studdi umsóknina. Báðar lýstu þær sig hlynnta umsókninni en Þorgerður sagðist hins vegar andvíg því hvernig ríkisstjórnin hefði staðið að málinu, m.a. með því að hafna því að kosið yrðu um umsóknina í þjóðaratkvæði áður en hún væri lögð fram.¹⁴⁶

Margir höfðu lýst yfir áhyggjum af því að ef innganga í Evrópusambandið yrði sett á dagskrá á Íslandi gæti það haft alvarlegar afleiðingar fyrir Sjálfstæðisflokkinn og jafnvel leitt til klofnings innan hans. Hins vegar tókst að ná lendingu á landsfundi flokksins í Evrópumálunum vorið 2009 sem sátt náðist um.

¹⁴⁶ Vef. „Þjóðin hafi fyrsta og síðasta orðið“.
<http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2009/07/10/thjodin_hafi_fyrsta_og_sidasta_ordid>.

8. Niðurstöður

Þó almennt sé ekki hægt að tala um neinar byltingar í afstöðu helstu forystumanna Sjálfstæðisflokksins til Evrópumálanna í gegnum tíðina er engu að síður ljóst að hún hefur tekið ákveðnum breytingum. Í kringum 1990 virðist þannig hafa verið vilji til staðar hjá forystu flokksins til þess að láta reyna á samninga um inngöngu í Evrópubandalagið, forvera Evrópusambandsins, hvort sem ástæðan fyrir því hafi beinlínis verið áhugi á því að ganga í sambandið eða einungis kanna hvað væri í boði af hálfu þess. Tekin var sú afstaða að útiloka ekki neitt og halda öllu opnu ekki síst vegna þess að óljóst þótti í hvaða áttir Evrópubandalagið ætti eftir að þróast í nánustu framtíð. Greinargerð aldamótanefndar Sjálfstæðisflokksins er góð heimild um þessa afstöðu. Ljóst er að Davíð Oddsson hefur þegar verið kominn með verulegar efasemdir um að það þjónaði hagsmunum Íslendinga að ganga í Evrópubandalagið þegar hann ritaði greinargerðina. Smám saman minnkaði síðan stöðugt trúin á að hægt væri að komast að ásættanlegum skilmálum með slíkri inngöngu. Að lokum breyttist hún í sannfæringu fyrir því að slíkt væri alls ekki á boðstólum, a.m.k. ekki á meðan Evrópusamruninn þróaðist í óbreyttar áttir.

Tilkoma samningsins um Evrópska efnahagssvæðið skipti vafalítið sköpum í þessum efnunum og leiddi m.a. til þess að forystumenn Sjálfstæðisflokksins töldu enga knýjandi þörf á því að sækjast eftir inngöngu í Evrópusambandið. Gildir þar einu hvort um var að ræða t.a.m. Davíð Oddsson eða Þorstein Pálsson. Á málflutningi Davíðs er ljóst að hann hefur ólíkt Þorsteini ekki litið á hagstæðan samning um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu sem algera forsendu þess að Ísland gæti staðið utan við Evrópubandalagið. Það sést t.a.m. vel í greinargerð aldamótanefndarinnar sem samín var áður en fyrir lá hvort samningar næðust um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Þar kom m.a. fram að nota mætti næstu ár til þess að meta hvernig hagsmunum Íslendinga væri best borgið að þessu leyti og hvort þróun Evrópusamrunans yrði hagstæð íslenskum hagsmunum. Almennt séð hefur stuðningur forystumanna Sjálfstæðisflokksins við EES-samninginn alla tíð verið mikill og viðvarandi. Í raun má segja að enginn skuggi hafi fallið á þá afstöðu og hefur lof um EES-samninginn nánast verið fastur liður í ræðum þeirra innanlands sem erlendis. EES-samningurinn hefur þannig a.m.k. í fyrstu veitt forystumönnum Sjálfstæðisflokksins ákveðið svigrúm til þess að fresta frekari ákvörðunartöku í Evrópumálunum þar til þeir höfðu fengið ráðrúm

til þess að móta sér fastmótaðri afstöðu til Evrópusambandsins og hugsanlegrar inngöngu Íslands í sambandið.

Samhliða því sem EES-samningurinn festi sig í sessi sem varanleg lausn á samskiptum Íslands við Evrópusambandið að álit forystumanna Sjálfstæðisflokksins er ljóst að andstaða í þeirra röðum við eiginlega inngöngu í sambandið hefur stöðugt orðið meiri. Ljóst er af málflutningi þeirra, einkum Davíðs Oddssonar, að þar hefur ráðið mestu þróun Evrópusambandsins í átt til sívaxandi samruna og miðstýringar á sífellt fleiri sviðum og minna svigrúm fyrir ríkin til þess að stjórna eigin málum.

Sjávarútvegurinn hætti smám saman að vera eina stóra hindrunin fyrir inngöngu í sambandið og fleiri ókostir sem þóttu skipta máli komu til sögunnar. Þannig má nefna ummæli Davíðs í júní 2004 þess efnis að þróun Evrópusambandsins í átt til einhvers konar sambandsríkis og óhentugleiki evrunnar fyrir íslenskt efnahagslíf væru ekki minni ástæður til þess að standa utan sambandsins en hagsmunir sjávarútvegarins sem lengi hafa spilað lykilhlutverk í allri umræðu á Íslandi um mögulega inngöngu í það. Vegna mikilvægis sjávarútvegarins fyrir íslenskt efnahagslíf hefur sá málaflokkur þó aldrei verið langt undan.

Þau rök sem forystumenn Sjálfstæðisflokksins hafa í gegnum tíðina fært fyrir þeirri afstöðu að innganga í Evrópusambandið væri annað hvort ekki tímabær eða ekki æskileg hafa þannig byggst á hagsmunum Íslendinga hvort sem það hefur verið t.a.m. í sjávarútvegsmálum eða efnahagsmálum. Innganga fæli í sér að yfirráðin yfir sjávarútvegsmálum þjóðarinnar væru framseld til Brussel og stjórn peningamála að sama skapi. Þannig hefur málflutningur þeirra að miklu leyti verið tengdur fullveldi landsins sem varla þarf að efast um að eigi uppruna sinn í sjálfstæðisbaráttunni eins og þeir fræðimenn sem nefndir eru í inngangi hafa bent á. Hins vegar er áhersla þeirra að mínu álit of mikil á þessa breytu. Minna er lagt út af annarri hugmyndafræði sem gera má ráð fyrir að forystumenn Sjálfstæðisflokksins hafi aðhyllst eins og t.d. takmörkuð afskipti hins opinbera, minni miðstýringu og skrifræði auk frelsis í milliríkjaviðskiptum. Þar eru á ferðinni hefðbundar áherslur á hægrivæng stjórnmalanna sem ekki þurfa að tengjast með beinum hætti hugmyndum um sjálfstæði og fullveldi en sem geta engu að síður vel átt samleið með þeim. Þetta getur t.a.m. skýrt hvers vegna forystumenn Sjálfstæðisflokksins voru nokkuð jákvæðir gagnvart Evrópubandalaginu um 1990 þegar það snerist enn fyrst og fremst um efnahagsmál en urðu síðan minna hrifnir þegar

Evrópusamruninn fór að þróast t.a.m. yfir á pólitískar brautir. Áherslan á áframhaldandi frelsi til þess að semja sjálfstætt um milliríkjaviðskipti við önnur ríki og ummæli um að Evrópusambandið væri skriffinskubákn koma sömuleiðis heim og saman við þetta. Ennfremur sú staðreynd að Sjálfstæðisflokkurinn studdi aðildina að EES-samningnum sem aðallega snerist um aðgang að innri markaði sambandsins og að aðilar í forystu hans hafa sumir tekið jákvætt í upptöku evrunnar með einum eða öðrum hætti án inngöngu í sambandið. Finna má samhljóm í þessu t.d. við hægrimenn í Bretlandi sem voru almennt jákvæðir gagnvart Evrópusamrunanum á meðan hann snerist fyrst og fremst um efnahagsmál en vaxandi efasemda fór hins vegar að gæta eftir að hann fór að færast í auknum mæli inn á brautir einkum pólitísku samruna.

Þrátt fyrir mikla andstöðu við inngöngu í Evrópusambandið hefur hún engu að síður aldrei verið útilokuð í röðum forystumanna Sjálfstæðisflokksins, a.m.k. ekki í orði. Þannig hefur t.a.m. ítrekað komið fram í máli Davíðs Oddssonar í gegnum tíðina að ef þróun sambandsins yrði önnur í stað þess að vera í átt til aukinnar miðstýringar og samruna gæti vel verið að slík innganga hentaði Íslendingum. Það sem hefur þannig skipt meginmáli í andstöðu helstu forystumanna Sjálfstæðisflokksins við inngöngu Íslands í Evrópusambandið fyrir utan hugmyndir um fullveldi og sjálfstæði landsins hefur verið þróun sambandsins og sú staðreynd að hún samrýmdist í sífellt minna mæli þeirri hugmyndafræði sem þeir lögðu áherslu á og sem birtist m.a. í málflutningi þeirra um samrunaþróun Evrópu.

9. Heimildaskrá:

Prentaðar heimildir:

Bækur og blaðgreinar:

Baldur Þórhallsson: „Stefnumótun, átök og afleiðingar. Evrópustefna íslenskra stjórnvalda“. *Uppbrot hugmyndakerfis: Endurmótun íslenskrar utanríkisstefnu 1991-2007*. Valur Ingimundarson (ritstj.). Reykjavík 2008.

Baldur Þórhallsson og Hjalti Þór Vignisson: „The first steps: Iceland’s policy on European integration from the foundation of the republic to 1972“. *Iceland and European Integration: On the edge*. Baldur Þórhallsson (ritstj.). London/New York 2004.

Baldur Þórhallsson: „The influence of ideology on the European policy of the Independence party“. *Rannsóknir í félagsvísindum IX*. Reykjavík 2008.

Bjarni Benediktsson og Illugi Gunnarsson: „Endurreisn á nýjum grunni“. *Morgunblaðið* 13. desember 2008.

Björn Bjarnason: „Baugur, ESB, Icesave og þöggunin“. *Þjóðmál*. 3. hefti, 5. árg. 2009.

Björn Bjarnason: „ESB-krógi ríkisstjórnarinnar og Sjálfstæðisflokkurinn“. *Þjóðmál*. 2. hefti, 5. árg. 2009.

Björn Bjarnason: „Evrán ekki lengur ESB-gulrót“. *Þjóðmál*. 3. hefti, 3. árg. 2007.

Björn Bjarnason: *Hvað er Íslandi fyrir bestu? Tengsl Íslands og Evrópusambandsins*. Reykjavík 2009.

Björn Bjarnason: „Kosningaskjálfti“. *Þjóðmál*. 1. hefti, 3. árg. 2007.

Björn Bjarnason: „Pólítískir umbrotatímar“. *Þjóðmál*. 1. hefti, 5. árg. 2009.

Björn Bjarnason: „Staða Íslands gagnvart ESB.“ *Stefnir*. 2. tbl. 45. árg. 1994.

Einar Benediktsson: *Ísland og Evrópuþróunin 1950-2000*. Reykjavík 2000.

Eiríkur Bergmann Einarsson: „Hið huglæga sjálfstæði þjóðarinnar“. *Áhrif þjóðernishugmynda á Evrópustefnu íslenskra stjórnvalda*. Reykjavík 2009.

Guðmundur Hálfðanarson: „Icelandic nationalism and European integration“. *Iceland and European Integration: On the edge*. Baldur Þórhallsson (ritstj.). London/New York 2004.

Guðmundur Hálfðanarson: *Íslenska þjóðríkið. Uppruni og endimörk*. Reykjavík 2001.

Ólafur Þ. Stephensen: *Áfangi á Evrópuþför. Evrópskt efnahagssvæði og íslensk stjórnsmál*. Reykjavík 1996.

Ragnar Arnalds: „Póstkosningin og ánægjuandvarp Össurar“. *Morgunblaðið* 15. janúar, 2003.

Tengsl Íslands og Evrópusambandsins. Skýrsla Evrópunefndar. Reykjavík 2007.

Thatcher, Margaret: *Statecraft. Strategies for a changing world*. London 2001.

Össur Skarphéðinsson: „Fullveldi og áhrif“. *Morgunblaðið* 4. júlí, 2000.

Dagblöð:

DV 1989

Fréttablaðið 2008

Morgunblaðið 1989-2005

Óprentaðar heimildir:

Af internetinu:

Vef. „Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins 2002“. Forsætisráðuneytið.
<<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/365>>. 7. maí, 2002.

Vef. „Ályktun um Evrópumál“. Sjálfstæðisflokkurinn.
<http://www.xd.is/?action=landsfundur_2009_nanar&id=1007>. Ódagsett.

Vef. „Ályktun um utanríkismál“. Sjálfstæðisflokkurinn.
<http://www.xd.is/?action=landsfundur_2009_nanar&id=917>. Ódagsett.

Vef. „Ályktun um utanríkismál“. Sjálfstæðisflokkurinn.
<http://www.xd.is/?action=landsfundur_nanar&id=603>. Ódagsett.

Vef. „Áramótagrein í Morgunblaðinu“. Forsætisráðuneytið.
<<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/26>>. 31. desember, 2000.

Vef. „Áramótagrein í Morgunblaðinu 1998“. Forsætisráðuneytið.
<<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/24>>. 31. desember, 1998.

- Vef. „Áramótagrein forsætisráðherra í Morgunblaðinu 1999“. Forsætisráðuneytið.
<<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/25>>. 31. desember, 1999.
- Vef. „Áramótagrein í Morgunblaðinu 2001“. Forsætisráðuneytið.
<<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/359>>. 30. desember 2001.
- Vef. „Áramótagrein í Morgunblaðinu 2002“. Forsætisráðuneytið.
<<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/378>>. 31. desember, 2002.
- Vef. „Ávarp forsætisráðherra á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins“. Forsætisráðuneytið.
<<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedurGHH/nr/2915>>. 18. apríl, 2008.
- Vef. „Ávinningur af Schengen - Grein birt í dagblaðinu Degi“. Utanríkisráðuneytið.
<<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/raedurHA/nr/434>>. 18. nóvember, 1997.
- Vef. „Bruges Revisited“. The Bruges Group.
<<http://www.brugesgroup.com/mediacentre/index.live?article=92>>. Ódagsett.
- Vef. „Eina leiðin að sækja um ESB-aðild“. Mbl.is.
<http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2008/02/19/eina_leidin_ad_sækja_um_esb>. 19. febrúar, 2008.
- Vef. „Erindi flutt hjá Evrópudeild Chulalongháskóla í Bangkok (á ensku)“. Utanríkisráðuneytið.
<<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/raedurHA/nr/973>>. 19. janúar, 1999.
- Vef. „Evrópuskýrsla: Ræða ráðherra á Alþingi“. Utanríkisráðuneytið.
<<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/raedurHA/nr/483>>.
- Vef. „Evrópastefna íslenskra stjórnvalda - Ávarp ráðherra á málstefnu Alþjóðavæðingarráðsins á Íslandi“. Utanríkisráðuneytið.
<<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/raedurHA/nr/507>>. 28. nóvember, 1995.
- Vef. „Fríverslunarsamningur EFTA og Kanada“. Utanríkisráðuneytið.
<<http://www.utanrikisraduneyti.is/samningar/friverslunarsamningar//nr/5024>>. Ódagsett.
- Vef. „Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Mexíkó“. Utanríkisráðuneytið.
<<http://www.utanrikisraduneyti.is/samningar/friverslunarsamningar//nr/383>>. Ódagsett.
- Vef. „Iceland between Europe and the United States“. Utanríkisráðuneytið.
<<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/RaedurGHH/nr/2964>>. 13. febrúar, 2006.
- Vef. „Icelandic Foreign Policy in a Changing World“. Utanríkisráðuneytið.
<<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/RaedurGHH/nr/3013>>. 29. mars, 2006.

- Vef. „Iceland’s Economic Performance“. Forsætisráðuneytið.
<<http://eng.forsaetisraduneyti.is/minister/speeches-and-articles/nr/1391>>. 14. júní, 2004.
- Vef. „Ísland á innri markaði Evrópu“. Utanríkisráðuneytið.
<<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/raedurISG/nr/4080>>. 31. janúar, 2008.
- Vef. „Málþing Lögfræðingafélags Íslands“. Forsætisráðuneytið.
<<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/372>>. 18. október, 2002.
- Vef. „- Nýr tónn Samfylkingarinnar“. Morgunblaðið.
<http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=715225>. 19. febrúar, 2003.
- Vef. „Ríkisstjórnin verður að svara kalli um breytingar“. Mbl.is.
<http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2008/12/13/rikisstjornin_verdur_ad_svara_kalli_um_breytingar>. 13. desember, 2008.
- Vef. „Ræða dóms- og kirkjumálaráðherra á fundi Samtaka um vestræna samvinnu um Schengen-samkomulagið“. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.
<http://www.domsmalaraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar_bjorn/nr/528>. 21. febrúar, 2001.
- Vef. „Ræða Geirs H. Haarde á aðalfundi LÍÚ“. Forsætisráðuneytið.
<<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedurGHH/nr/2407>>. 20. október, 2006.
- Vef. „Ræða Geirs H. Haarde, utanríkisráðherra, um utanríkismál“. Utanríkisráðuneytið.
<<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/RaedurGHH/nr/2878>>. 17. nóvember, 2005.
- Vef. „Ræða Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, utanríkisráðherra, um utanríkismál“. Utanríkisráðuneytið. <<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/raedurISG/nr/3960>>. 8. nóvember, 2007.
- Vef. „Ræða ráðherra hjá Deutsche Gesellschaft fuer Auswaertige Politik í Berlín.“ Utanríkisráðuneytið. <<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/raedurHA/nr/1745>>. 14. Mars, 2002.
- Vef. „Sjálfstæðisstefnan“. Guðlaugur Þór Þórðarsson.
<<http://www.gudlaugurthor.is/?c=webpage&id=61&lid=51&pid=22&option=links>>. Ódagsett.
- Vef. „Skýrsla ráðherra um utanríkismál á Alþingi“. Utanríkisráðuneytið.
<<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/raedurHA/nr/503>>.
- Vef. „Stefnuræða 1998“. Forsætisráðuneytið.
<<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/316>>. 3. nóvember 1998.

- Vef. „Stefnuræða forsætisráðherra 1999“. Forsætisráðuneytið.
<<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/317>>. 4. október 1999.
- Vef. „Stefnuræða forsætisráðherra 2000“. Forsætisráðuneytið.
<<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/857>>. 3. október, 2000.
- Vef. „Stefnuræða forsætisráðherra 2001“. Forsætisráðuneytið.
<<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/791>>. 2. október, 2001.
- Vef. „Stefnuræða forsætisráðherra 2002“. Forsætisráðuneytið.
<<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/371>>. 2. október, 2002.
- Vef. „Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar“. Forsætisráðuneytið.
<<http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/445>>. 23. maí, 2003.
- Vef. „Stefnuyfirlýsing Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks“. Forsætisráðuneytið.
<<http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Radherra/stefnuyfirlýsing91.pdf>>. 30. apríl, 1991.
- Vef. „Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks 1995“. Forsætisráðuneytið. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/utgefing-efni/nr/443>>. 23. apríl, 1995.
- Vef. „Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks 28. maí 1999“. Forsætisráðuneytið. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/68>>. 28. maí, 1999.
- Vef. „Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar 2007“. Forsætisráðuneytið. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/2643>>. 23. maí, 2007.
- Vef. „Utanríkisráðherrar Eystrasaltslandanna“. Forsætisráðuneytið.
<<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/348>>. 25. ágúst, 2001.
- Vef. „Utanríkisstefna Íslands á breytingartímum (á ensku)“. Utanríkisráðuneytið.
<<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/raedurHA/nr/1074>>. 14. Ágúst, 1997.
- Vef. „Við áramót - Áramótagein í Morgunblaðið 2008“. Forsætisráðuneytið.
<<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedurGHH/nr/3300>>. 31. desember, 2008.
- Vef. „Viðskiptaþing Verslunarráðs Íslands 2000“. Forsætisráðuneytið.
<<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/332>>. 16. febrúar, 2000.

Vef. „Viðskiptaþing Verslunarráðs Íslands 2002“. Forsætisráðuneytið.
<<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/362>>. 12. febrúar, 2002.

Vef. „Vill sækja um ESB-aðild“. Mbl.is.
<http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2009/05/28/vill_sækja_um_esb_adild>. 28. maí, 2009.

Vef. „Þjóðin hafi fyrsta og síðasta orðið“. Mbl.is.
<http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2009/07/10/thjodin_hafi_fyrsta_og_sidasta_ord_id>. 10. júlí, 2009.

Vef. „Þorgerður: Taka þarf afstöðu til ESB og evru.“ Mbl.is.
<http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2008/10/28/thorgerdur_taka_tharf_afstodu_til_esb_og_evru>. 28. október, 2008.

Viðtöl:

Tölvupóstur frá Birni Bjarnasyni 28. desember 2009.

Tölvupóstur frá Guðmundi Magnússyni 28. desember 2009.

Viðtal höfundar við Björn Bjarnason 3. nóvember 2009.